# FRÉTTABLAÐIÐ

128. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ 2018




Fyrsti dagur formlegra viðræðna um meirihlutasamstarf Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata í borgarstjórn var í gær. Fulltrúar flokkanna hittust í Marshall-húsinu. Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segir daginn hafa verið mjög fínan. Betur verði farið í málefnin sjálf á fundi í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í dag. „Mér líst mjög vel á þetta. Það er mjög margt sem sameinar okkur. Þessir flokkar hafa allir talað mikið um jafnréttismál, ákveðna velferðarsýn og hafa sameiginlega sýn á skipulagsmálin, segir Dóra Björt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fengi sjálfur afslátt með eigin frumvarpi

**Sigurður Páll Jónsson, þingmaður Miðflokksins, er flutningsmaður frumvarps um lækkun veiðigjalda. Fyrirtæki hans hagnast um háar fjárhæðir verði frumvarpið að lögum. Virði aflaheimilda hans er yfir hundrað milljónir króna. Sigðurður segist ekki vanhæfur í málinu.**

**ALÞINGI** Sigurður Páll Jónsson, þingmaður Miðflokksins, er einn flutningsmanna frumvarps um að lækka veiðigjöld. Hann er einnig eigandi alls hlutafjár fyrirtækisins Kári ehf., sem á aflahlutdeild að verðmæti 106 milljónir króna.

Frumvarpið, sem Sigurður er flutningsmaður að, mun skila fyrirtæki hans um milljón króna afslætti.

Sigurður Páll vill koma þessari umræðu af stað í þinginu. „Ég hef beðið um umræðu um þessi mál og reynt að fá svör frá ráðherra án árangurs í allan vetur. Síðan kemur þetta mál og ég vil ekki standa í vegi fyrir því,“ segir Sigurður Páll.

Frumvarpið veitir ekki aðeins litlum og meðalstórum útgerðarfyrirtækjum afslátt heldur fá stærstu fyrirtækin hlutfallslega mestan afslátt. En telur Sigurður Páll sig ekki vera vanhæfan að vera flutningsmaður slíks lagafrumvarps þar sem hann er eigandi útgerðarfyrirtækis. „Þá eru nú ansi margir vanhæfir. Eru þá ekki bændur vanhæfir að ræða búvörusamninga?“ spyr Sigurður Páll á móti.

> Nei ég get ekki séð það, getur þú séð það?
>
> Sigurður Páll Jónsson, alþingismaður Miðflokki



Fyrirtæki Sigurðar Páls á og nýtir aflaheimildir. Í síðasta ársreikningi kemur fram að bókfært virði aflaheimilda fyrirtækisins er metið 106 milljónir króna. Fyrirtækið þyrfti að greiða um fjórar milljónir króna í veiðigjöld miðað við núgildandi lög en ef fyrirtækið fullnýtir kvóta samkvæmt frumvarpi Sigurðar Páls og félaga þyrfti fyrirtæki hans að greiða innan við þrjár milljónir.

Sigurður segist samt ekki vanhæfur.

„Ég er þingmaður og hef ekki skoðað mín mál í sambandi við þetta. Ég reikna með að fá afslátt enda er reksturinn þungur og margir hafa gefist upp.“

En ertu þá ekki vanhæfur? „Nei ég get ekki séð það, getur þú séð það?“ spyr Sigurður Páll á móti. **– sa, jóe** / sjá síðu 4

## 15 DAGAR í HM



HÓLMAR ÖRN EYJÓLFSSON

ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Framkvæmdastjóri SI vill húsnæðismál í sveitarstjórnarráðuneytið. 14

**SPORT** Lars Lagerbäck er mættur aftur til Íslands. 18

**MENNING** Hin ástsæla skáldsaga Kapítóla snýr aftur í umsjón Silju Aðalsteinsdóttur. 24

**LÍFIÐ** Nokkur bestu hreiðrin á knattspyrnuvöllum þjóðarinnar. 30




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





BRÚÐHJÓNALISTAR

Matar- & kaffistell í miklu úrvali




Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – S: 568 9955



## Veður




Fremur hæg vestlæg átt í dag, en kaldi norðvestan til. Þurrt, bjart með köflum og milt veður. SJÁ SÍÐU 22

# Undir feldi eftir tilboð frá Hörpu

**KJARAMÁL** Þjónustufulltrúar Hörpu ræddu málin eftir fund með forstjóra Hörpu á miðvikudagskvöld þar sem boðað var að laun þeirra yrðu leiðrétt. Eins og fram hefur komið sögðu á annan tug þjónustufulltrúa upp eftir að Fréttablaðið greindi frá því að laun forstjóra Hörpu hefðu hækkað umtalsvert í fyrra á nánast sama tíma og þjónustufulltrúum var gert að taka á sig launalækkun í hagræðingarskyni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru skiptar skoðanir meðal þjónustufulltrúa á því hvort nógu langt væri gengið í tilboði Hörpu. Fólk hafi verið sammála um að það liti í það minnsta vel út á pappír. Niðurstaðan var að þeir hefðu nú gert allt sem í þeirra valdi stæði, og hver og einn myndi nú þurfa að ákveða hvort þeir héldu áfram, drægju uppsögn sína til baka



Svanhildur Konráðsdóttir.

eða færu að vinna upp uppsagnarfrest. Þjónustufulltrúar liggja því undir feldi eftir útspil stjórnenda Hörpu. Einhverjir munu nú þegar hafa sagst ætla að draga uppsögn sína til baka en nokkrir hyggjast standa við uppsögn Hinir hafa frest til 6. júní til að gera upp hug sinn.

Stjórn Hörpu sendi frá sér tilkynningu að kvöldi miðvikudags þar sem kom fram að kjör þjónustufulltrúa yrðu leiðrétt og myndu taka mið af þeim samningum sem voru í gildi í fyrra. Leiðréttingin sem Harpa boðar er að frá 1. júní verði tímakaup 26,1 prósenti yfir taxta stéttarfélagsins eða að meðaltali 2.935 krónur á klukkustund í kvöld og helgarvinnu, sem er stærstur hluti vinnu þjónustufulltrúa eða 85 prósent. Samhliða var samþykkt í stjórn að launahækkun forstjóra og stjórnar Hörpu gengi til baka. **– smj**

# Rykið svífur yfir



**Unnið er að endurbótum á Vesturlandsvegi við Ártúnsbrekku og vegurinn var fræstur upp í fyrrinótt. Við það myndaðist mikill ryksveimur sem lagðist yfir bíla þar í brekkunni og austur eftir þangað sem horft er á myndinni. Vegagerðin stendur fyrir framkvæmdunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rósa verður bæjarstjóri

**HAFNARFJÖRÐUR** Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn og óháðir í Hafnarfirði náðu í gær saman um myndun meirihluta í bæjarstjórn. Rósa Guðbjartsdóttir verður bæjarstjóri og Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs. Þá verður Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar.

„Það var mikill samhljómur hjá



Rósa Guðbjartsdóttir.

öllum aðilum og það myndaðist strax traust,“ segir Rósa.

Sagt er að lögð verði áhersla á málefni fjölskyldunnar, eldri borgara og skilvirka þjónustu í þágu íbúa og fyrirtækja. **– la**

# Rannsaka hvort fíflar geti nýst í sólarvörn

**Andoxunarefni sem finnast í túnfíflum gætu nýst til að þróa sólarvörn. Verið er að rannsaka hvernig efnið hegðar sér undir sólargeislum og hvernig efnið varðveitist best. Meistaranemi í matvælafræði fékk hugmyndina frá Víetnam.**

**VÍSINDI** Hugsanlegt er að hægt verði að þróa sólarvörn úr efnum sem finnast í túnfíflum og skarifífli. Anna Maria Trang Davíðsdóttir, meistaranemi í matvælafræði, hefur í vetur verið að skoða polyphenol, sem eru lífvirk andoxunarefni í túnfíflum og skarifífli.

Anna María hefur verið að kanna hvernig efnin hegða sér undir ljósi og hvernig efnin varðveitist og hvaða geymsluaðferðir séu bestar. Hún leggur áherslu á að enn sem komið er sé engin framleiðsla komin í gang.

„En þetta er mjög öflugt andoxunarefni og í framtíðinni mætti hugsanlega nýta það í sólarvörn. Síðasta mælingin verður í júlí og þá get ég nokkurn veginn sagt til um áhrif ljóss á hegðun polyphenola í túnfíflum og skarifíflum. En þangað til er ég svolítið með þetta í lausu lofti,“ segir hún.

Anna María hefur unnið verkefnið undir stjórn Kristbergs Kristbergssonar, prófessors við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og rannsóknastjóra hjá TARAMAR ehf., og Björns Aðalbjörnssonar lektors. Rannsóknirnar eru unnar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Matís.

„Það hefur gagnast mér mjög vel og er alveg frábært. Ég fæ alla vega allt sem mig vantar, sem er mjög mikilvægt þegar maður þarf að mæla svona sérstakt efni,“ segir Anna María.

Björn Viðar Aðalbjörnsson, lektor í matvæla- og næringarfræðideild við Háskóla Íslands og annar leiðbeinanda Önnu Maríu, kann-



**Áhugi Önnu Maríu á viðfangsefninu kviknaði vegna þess að fíflar eru töluvert notaðir sem lækningajurt í heimalandi hennar, Víetnam.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ast ekki við að mikið sé unnið með fífla í rannsóknum og nýsköpun í matvæla- og næringarfræði. Hann vekur athygli á því að Anna María hafi fengið áhuga á viðfangsefninu vegna þess að fíflar eru töluvert notaðir sem lækningajurt í heimalandi hennar, Víetnam.

„Hún er að skoða hvernig hægt er að nýta þetta betur, frekar en að slá þetta bara úti á túni og henda þessu,“ segir Björn Viðar. Töluvert sé um nýsköpun í matvælafræðinni. „Það eru nokkur verkefni í gangi.“ **jonhakon@frettabladid.is**

## Helstu efni túnfífils

Um allnokkurt skeið hafa menn haft trú á að í fíflum gætu verið mannbætandi efni. Á vísindavefnum segja lyfjafræðingarnir Sesselja Ómarsdóttir og Margrét Bessadóttir að helstu innihaldsefni túnfífils séu fenólar, seskvíterpenar, tríterpenar, plöntusterólar, flavonóíðar, einnig inúlín og aðrar sykrur, fituefni og ýmis vítamín og steinefni.






HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

**Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.**

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Útgerðarmenn áberandi á lista yfir hæstu gjaldendur

**VIÐSKIPTI** Reykvíkingurinn Sigríður Vilhjálmsdóttir greiddi hæstu opinberu gjöld allra einstaklinga fyrir árið 2017. Útgerðarmenn og starfsmenn Glitnis eru áberandi í efstu sætum á lista yfir hæstu gjaldendur.

Sigríður Vilhjálmsdóttir greiddi tæpar 426 milljónir í opinber gjöld. Sigríður á bæði hlut í HB Granda og Hampiðjunni í gegnum hlutafélagið Venus, ásamt Kristjáni Loftssyni og Birnu Loftsdóttur.

Sigurður Sigurbergsson á Grundarfirði greiddi 388 milljónir, Magnús Soffaníasson er þriðji á listanum. Hann greiddi rúmar 387 milljónir króna. Rúnar Sigtryggur Magnússon greiddi tæplega 383 milljónir. Sigurður Magnús og Rúnar tengjast allir sömu útgerð í Grundarfirði.

Í fimmta sæti listans kemur svo Hulda Guðborg Þórisdóttir, sem greiddi tæplega 329 milljónir. Þrír stjórnarmenn í Glitni eru á lista yfir tólf hæstu gjaldendur, en Markaðurinn greindi síðastliðið haust frá því að stjórnarmennirnir myndu fá að meðaltali um 600 milljónir í bónusgreiðslur.

Ríkisskattstjóri segir að framteljendur á skattgrunnskrá hafi aldrei verið fleiri en nú. Þeir voru 297.674 talsins, sem er fjölgun um 10.946 framteljendur eða 3,8%. Framteljendum á grunnskrá hefur ekki fjölgað jafnmikið síðan árið 2007 en þá fjölgaði um 10.855. Skattar 17.973 einstaklinga voru áætlaðir en það er um 6,04% af heildarfjölda. Nokkur hluti áætlana skýrist af framtölum sem ríkisskattstjóri vinnur fyrir framteljendur en slík framtöl hafa sömu réttaráhrif og þegar skattstofnar eru áætlaðir. – jhh

### Hæstu gjaldendur

| | |
|---|---|
| Sigríður Vilhjálmsdóttir | 425.502.876 |
| Sigurður Sigurbergsson | 388.425.493 |
| Magnús Soffaníasson | 387.180.911 |
| Rúnar Sigtryggur Magnússon | 382.526.842 |
| Hulda Guðborg Þórisdóttir | 328.980.716 |
| Kristján Loftsson | 295.664.911 |
| Birna Loftsdóttir | 284.546.209 |
| Michael Wheeler | 259.133.879 |
| Benóný Ólafsson | 253.659.186 |
| Tom Gröndahl | 231.883.635 |
| Steen Parsholt | 231.883.635 |
| Benedikt Rúnar Steingrímsson | 231.816.547 |

# Óskilvirkni á síðustu dögunum fyrir sumarhlé á starfi Alþingis

**Frumvarp frá atvinnuveganefnd Alþingis um lækkun veiðigjalda fékkst ekki tekið á dagskrá þar sem ósk um það var felld í atkvæðagreiðslu á þinginu í gær. Stjórnarandstaðan segir loforð um afgreiðslu mála hafa verið svikin. Í veiðigjaldafrumvarpinu felst að veiðigjöld á helstu tegundir lækka um rúm 24 prósent að jafnaði.**

**ALÞINGI** „Sprengja“ ríkisstjórnarinnar um lækkun veiðigjalda varð til þess að störf Alþingis voru afar óskilvirk í gær. Þingmenn stjórnarandstöðunnar segja loforð um afgreiðslu mála hafa verið þverbrotin og stefna að málþófi náist ekki sættir. Tillaga um afbrigði frá þingsköpum um að veiðigjöldin yrðu tekin á dagskrá var felld eftir klukkustunda stapp.

Frumvarp um lækkun veiðigjalda var lagt fram af atvinnuveganefnd. Auk stjórnarliða í nefndinni er Sigurður Páll Jónsson, þingmaður Miðflokksins, flutningsmaður en hann er eigandi Útgerðarfélagsins Kára ehf. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það geymi endurákvörðun veiðigjalds fyrir almanaksárið 2018 þar sem að óbreyttu falli heimild til álagningar þess niður þann 1. september. Þá er því ætlað að fela í sér „nauðsynlega endurákvörðun gjaldsins með hliðsjón af áliti veiðigjaldsnefndar um verulegan samdrátt í afkomu við veiðar fiskiskipa“.

Í frumvarpinu felst að veiðigjald á helstu tegundir lækkar um rétt rúm 24 prósent að jafnaði. Að auki er afsláttur til minnstu útgerðanna aukinn frá því sem áður var. Áætlað er að lækkunin feli í sér að tekjur ríkissjóðs vegna gjaldsins minnki um rúmlega tvo milljarða.

Til stóð að málið yrði tekið á dagskrá í gær en til þess þurfti samþykki aukins meirihluta þingmanna þar sem skemmri tími en fimm dagar voru liðnir frá því þingmenn fengu það afhent. Í upphafi stóð til að atkvæðagreiðslan færi fram klukkan 11.45 en að lokum varð það ekki fyrr en á fimmta tímanum. Niðurstaðan varð sú að ekki var aukinn meirihluti fyrir málinu.

Þingmenn minnihlutans nýttu hvert tækifæri sem gafst til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta þingsins, athugasemdir við atkvæðagreiðslur dagsins og til að gera grein fyrir atkvæðum sínum. Vildu þeir meina að með því að taka málið á dagskrá væri verið að víkja frá efni samkomulags frá því fyrir sveitarstjórnarkosningar um hvaða mál kæmu til afgreiðslu og hver ekki. Einnig þótti undarlegt að umdeilt stjórnarfrumvarp, dulbúið sem frumvarp nefndar, fengi forgang fram yfir önnur mál sem liggja nær fullbúin í nefndum þingsins.

„Satt að segja, herra forseti, er það að setja málið hér á dagskrá eins og blaut tuska framan í okkur þingflokksformenn sem höfum unnið eftir ákveðnu samkomulagi þegar kemur að þingmannamálum. Það er verið að brjóta það kirfilega. Það er óásættanlegt,“ sagði Oddný G. Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

„Meiri hlutinn, sem er hér við völd í þinginu og í ríkisstjórn, er núna gjörsamlega að ganga yfir og hunsa allt það sem minni hlutinn hefur óskað eftir og virðir ekki einu sinni það samkomulag sem var gert hér fyrir nokkrum dögum. Það breytir engu hvað okkur finnst um þau mál sem hér eru á dagskrá, það skiptir engu máli hvort við erum sammála þeim eða ósammála, málið er að það átti ekki að gera þetta með þessum hætti, virðulegur forseti,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins.

Samkvæmt starfsáætlun fer þingið í sumarfrí næsta fimmtudag en eldhúsdagsumræður eru áætlaðar á mánudag. Á þeim tíma stendur meðal annars til að ljúka umræðu um ný persónuverndarlög og fjármálaáætlun. joli@frettabladid.is



Snarpar umræður voru á Alþingi í gær. Ekki reyndist vera nauðsynlegur stuðningur meðal þingmanna við þá ósk meirihlutans að taka frumvarp um veiðigjöld á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Við viljum hækka afkomutengd veiðigjöld á þau sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.
***Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, í greininni Taktu þátt í uppbyggingunni með okkur! sem birtist í aðdraganda kosninga á Kjarnanum 19. október 2017. Kolbeinn er einn flutningsmanna frumvarpsins.***



Á lokasprettinum er samkomulag um þinglok sett í uppnám með tillögum meirihluta atvinnuveganefndar um að gefa enn í varðandi gjafir til útgerðarinnar. Á einum degi, án röksemda, án útreikninga, án skýringa á að fella niður veiðigjald á kolmunna sem nemur 459 milljónum króna. Stjórnarmeirihlutinn sendir sprengju inn í viðkvæma stöðu.
***Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, í stöðuuppfærslu á Facebook þann 4. júlí 2013.***



Það hefur líka legið fyrir frá upphafi að við erum að fást við ríkisstjórn hinna efnameiri í samfélaginu og birtist það skýrt og greinilega í þeim aðgerðum sem hún stendur fyrir. Á sumarþingi síðasta ár var línan lögð þegar veiðigjöldin voru lækkuð og bætir ríkisstjórnin í þá aðgerð nú á vordögum með enn frekari lækkun þessara gjalda. [...] Hinum efnameiri er hlíft en byrðar þeirra sem minna hafa eru þyngdar.
***Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG, í ræðu á eldhúsdegi 15. maí 2014.***





DODGE DURANGO
7 MANNA LÚXUSJEPPI

VERÐ FRÁ KR. 9.290.000

Helsti staðalbúnaður: 3600cc bensín V6 290 hö., 8 gíra sjálfskiptur, leðurklæðning, hiti í framsætum og fyrir farþega í annari röð, upphitað stýrishjól, hraðastillir, upphitaðir hliðarspeglar, 8,4" snerti margmiðlunarskjár, 20" álfelgur, LED aðal- og stöðuljós, lykillaust aðgengi, bakkmyndavél, aðgerðarstýri, Bluetooth til að streyma síma og tónlist, aðfellanlegir hliðarspeglar, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum o.fl.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF • UMBOÐSAÐILI DODGE Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI: 534 4433 • WWW.DODGE.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16


HÚSASMIÐJAN
blómaval
TAX
FREE
AF ÖLLUM VÖRUM*
í Húsasmiðjunni og Blómavali
FRAMLENGJUM
AÐEINS Í DAG
Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
*Gildir ekki af vörum í timbursölu, Weber grillum, KitchenAid, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"
Byggjum á betra verði
TAX FREE
ER LÍKA Í VEFVERSLUN




## Aftur til fortíðar



Valgarð Briem, sem fyrstur manna ók yfir á hægri vegarhelming er hægri umferð var formlega tekin upp hér á landi fyrir fimmtíu árum, endurtók leikinn á Skúlagötu í Reykjavík í gær til að minnast tímamótanna. Meira að segja er bílinn sá sami, Plymouth Valiant árgerð 1967. Sjálfur er Valgarð árgerð 1925. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Heimavellir fá lungann af leiguíbúðalánunum

**Íbúðalánasjóður hefur veitt 18 milljarða króna af lánum vegna leiguíbúða. Skilyrði er að félögin séu ekki rekin í hagnaðarskyni. Þó hafa 12 milljarðar verið lánaðir til félaga sem ekki teljast félagsleg. Flest lán voru veitt á landsbyggðinni.**

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður hefur veitt lán fyrir 18,4 milljarða króna til kaupa eða byggingar leiguíbúða, byggt á vissum skilyrðum reglugerðar.

Á meðal skilyrðanna er að viðkomandi félag megi ekki vera rekið í hagnaðarskyni. Slík lán sem ekki eru talin félagsleg nema 12,2 milljörðum króna. Heimavellir, sem skráð er í Kauphöll, hefur þegið átta milljarða króna í slík lán. Það er 44 prósent af heildinni. Þetta segir Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri Íbúðalánasjóðs.




Leiguíbúðalán frá Íbúðalánasjóði lúta ströngum skilmálum.

Anna segir í skriflegu svari að félögunum sé þó heimilt að skila hagnaði en hann megi aðeins nota til vaxtar, viðhalds eða niðurgreiðslu lána. Ekki megi greiða hluthöfum arð. Markmið með leiguíbúðalánum sé að fjölga leiguíbúðum. Alls hafi 95 prósent lánanna sem ekki eru félagsleg verið veitt á landsbyggðinni og fimm prósent á höfuðborgarsvæðinu. Lánin séu verðtryggð jafngreiðslulán með 4,2% föstum vöxtum, sömu kjör og bjóðist einstaklingum.

Í greiningu Capacent á Heimavöllum segir að kjörin geti vart talist samkeppnishæf, sérstaklega borið saman við fjármögnun íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Athygli er vakin á að stjórnendur Heimavalla hyggjast endurfjármagna lánin í haust, samkvæmt heimildum Markaðarins, enda er stefnt á að greiða arð með reglubundnum hætti.

Íbúðalánasjóður upplýsti í vikunni að hann hefði sent 20 leigufélögum, sem eru með téð leiguíbúðalán, bréf og óskað eftir upplýsingum um verðlagningu leiguíbúða þeirra til að tryggja að rekstur félaganna hafi hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Íbúðalánasjóður hefur lánað til 25 félaga og félagasamtaka á þessum grunni. Þar af er eitt hlutafélag, 17 einkahlutafélög, þrjár sjálfseignarstofnanir, tvö húsnæðissamvinnufélög, eitt byggðasamlag og ein félagasamtök.

„Það fer ekki eftir félagsforminu sem slíku hvort félag telst rekið ekki í hagnaðarskyni eins og það er skilgreint í reglugerðinni. Félagið þarf einfaldlega að uppfylla þau skilyrði sem lögin og reglugerðin kveða á um, þ.e. að hafa það sem langtímamarkmið að reka leiguhúsnæði til langs tíma, að rekstur félagsins sé sem hagkvæmastur og með hagsmuni leigutaka að leiðarljósi, að óheimilt sé að ráðstafa arði eða arðsígildi út úr félaginu og svo framvegis. Þessar íþyngjandi kvaðir gilda um félagið svo lengi sem það er með lán frá Íbúðalánasjóði veitt á grundvelli þessarar reglugerðar. Sem dæmi má nefna eru Félagsbústaðir reknir í formi hlutafélags en félagið hefur með höndum félagslegt húsnæði Reykjavíkurborgar,“ segir Anna Guðmunda.

Þá bendir Anna Guðmunda á að í janúar 2018 hafi það verið gert að skilyrði leiguíbúðalána að á því svæði sem lánað sé til ríki sannarlega markaðsbrestur, það er að þar hafi verið verulegur skortur á leiguhúsnæði og bygging íbúða í lágmarki eða sérstök vandkvæði á því að fá fjármögnun á almennum markaði. Við núverandi markaðsaðstæður eru slíkar lánveitingar til lögaðila nær eingöngu veittar vegna kaupa eða byggingar leiguíbúða á landsbyggðinni.

helgivifill@frettabladid.is



25% afsláttur

## Mouthie Mitt

Margverðlaunaður naghanski fyrir ungabörn. Hentar vel til að draga úr óþægindum vegna tanntöku.



25% afsláttur

## Brand Italia

Mikið úrval af vönduðum vörum gegn moskítóbitum og bílveiki frá Brand Italia. Armbönd, plástrar, úði o.fl. **Afsláttur af allri línunni.**



25% afsláttur

## Floradix

Bragðgóð fjölvítamínblanda fyrir börn frá 3 ára aldri. Inniheldur ekki glútein, laktósa eða aukaefni.



25% afsláttur

## Animal Parade

Frábært úrval af Animal Parade hágæða fjölvítamínum fyrir börn. **Afsláttur af allri línunni.**



20% afsláttur

## Weleda barnahúðvörur

Weleda hefur verið leiðandi vörumerki í sölu á lífrænum barnahúðvörum síðan 1921. **Afsláttur af allri barnalínunni.**



30% afsláttur

## Chicco barnavörur

Vandaðar vörur fyrir yngstu börnin frá Chicco. **Flugnafælur:** Innihalda ekki alkóhól, litarefni né paraben. **Hárburstasett:** Náttúruleg hár og mjúkar línur. Fáanlegt í þremur litum. **Tannhringur:** Léttur með góðu gripi. Hægt að setja í kæli.



20% afsláttur

## MAM barnavörur

MAM vörurnar sameina bæði fallega hönnun og framúrskarandi virkni til að auka lífsgæði fyrir börn og foreldra. **Afsláttur af allri línunni.**

Nú færðu vandaðar vörur fyrir þá sem þér þykir vænst um á enn hagstæðara verði. Kynntu þér tilboðin í öllum verslunum Lyfju og í netverslun okkar á lyfja.is.

# Allt að 30% afsláttur á Barnadögum í Lyfju

## Tilboð á barnavörum dagana 1.–12. júní.

lyfja.is

LYFJA
– Lífið heil

# Kostnaður við útboð og skráningu Arion banka á þriðja milljarð

**VIÐSKIPTI** Samanlagður kostnaður við hlutafjárútboð og skráningu Arion banka, sem leggst á annars vegar bankann og hins vegar Kaupþing og vogunarsjóðinn Attestor Capital, mun nema á þriðja milljarð króna. Hlutafjárútboðið hófst í gær en gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með bréf í bankanum í Nasdaq-kauphöllinni hér á landi og í Stokkhólmi verði 15. júní.

Gengi bréfanna, sem Kaupþing og Attestor bjóða til sölu í útboðinu, er á bilinu 0,6 til 0,7 miðað við eigið fé bankans. Að lágmarki verður 22,63 prósenta hlutur seldur en heimilt er að stækka grunnstærð útboðsins í 36,2 prósenta hlut. Kaupþing, sem fer með 55,6 prósent í Arion, hyggst losa um stóran eignarhlut en Attestor, sem á 12,4 prósent, mun selja allt að tveggja prósenta hlut.

Kostnaður Arion banka vegna útboðsins og skráningarinnar er áætlaður um einn milljarður króna, að því er fram kemur í skráningarlýsingunni sem birt var í gær.

Þá er gert ráð fyrir því að samanlögð sölutryggingarþóknun, önnur gjöld og kostnaður, þar á meðal við lögbundna skýrslugerð og skráningu, og upphæðir sem seljendurnir, Kaupþing og Attestor, greiða vegna



**Hlutafjárútboð Arion hófst í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

útboðsins verði á annan milljarð króna. Endanlegur kostnaður mun ráðast af ýmsum þáttum.

Að því gefnu að útboðsgengið verði á miðju verðbilinu, það er á genginu 0,65 miðað við eigið fé, hluturinn sem verður seldi verði mitt á milli 22,63 og 36,2 prósent og að umframsöluréttur verði ekki nýttur, þá er áætlaður kostnaður um það bil 1.474 milljónir króna. **– kij**



**Við Gullfoss.**
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K. JÓHANNSSON

## Kona þungt haldin eftir slys við Gullfoss

**LÖGREGLUMÁL** Erlend kona sem var með hópi ferðamanna við Gullfoss um miðjan dag í gær var flutt alvarlega slösuð á Landspítalann eftir að hafa fallið aftur fyrir sig.

Ekki fengust nánari upplýsingar um líðan konunnar í gærkvöld en hún fékk mikinn áverka á höfði við fallið og var með skerta meðvitund. Flogið var með hana til Reykjavíkur í þyrlu Landhelgisgæslunnar. **– gar**

## Dæmt um lög á verkfall BHM í Strassborg

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu ætlar að dæma í máli Bandalags háskólamanna gegn íslenska ríkinu. Dómur verður kveðinn upp að morgni 7. júní.

Í júní 2015 samþykkti Alþingi lög á verkfall BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem staðið hafði yfir í 68 daga. Gerðardómur tók síðan ákvörðun um kjör félagsmanna. BHM stefndi íslenska ríkinu síðan fyrir dómstóla hérlendis til að láta reyna á lögmæti verkfallsins. Bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur Íslands komust að þeirri niðurstöðu að lögin sem sett voru á verkfallið hefðu verið í samræmi við stjórnarskrá Íslands.

BHM ákvað því að höfða málið á grundvelli þess að það væri réttindi félagsmanna, samkvæmt félagsmálasáttmála Evrópu, Mannréttindasáttmálanum og stjórnarskrá Íslands að fara í verkfall. **– jhh**

# Ævafornt erfðaefni varpar nýju ljósi uppruna Íslandsbyggðar

**Með því rannsaka fornt erfðaefni úr tönnum landnámsmanna hafa vísindamenn dregið upp einstaka mynd af þeim hópi sem settist hér að fyrir 1.100 árum og hvernig erfðir nútíma Íslendinga hafa fjarlægst forfeðurna. Genaflökt sökum hungursneyðar og farsótta hefur alið erfðafræðilega einsleita þjóð.**

**ERFÐIR** Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa varpað nýju ljósi á upphaf byggðar hér á landi með því að raðgreina erfðaefni úr tönnum 27 einstaklinga sem voru uppi á árunum 870 til 1100. Niðurstöðurnar, sem birtar voru í vísindaritinu Science síðdegis í gær, sýna að í landnámshópnum voru einstaklingar ýmist af keltneskum eða norrænum uppruna. Enn aðrir voru af blönduðum uppruna.

Alls var norrænn uppruni einstaklinganna frá landsnámsöld 57 prósent, í dag er hann 70 prósent. Höfundarnir benda á að möguleg skýring á þessu felist í þeirri staðreynd að við upphaf byggðar hér á landi hafi einstaklingar af keltneskum uppruna eignast færri börn en þeir sem voru af norrænum uppruna, líklega vegna þrælahalds og stéttaskiptingar.

„Við höfum lengi vitað að Íslendingar rekja ættir sínar bæði til Norðmanna og Kelta, en greining á erfðaefni úr líkamsleifum frá landnámsöld gerir okkur kleift að sjá hvernig fyrstu íbúar landsins voru áður en, og á meðan, þessi blöndun átti sér stað,“ segja Sunna Ebenesersdóttir og Agnar Helgason, líffræðilegir mannfræðingar hjá Íslenskri erfðagreiningu og höfundar greinarinnar.

Genaflökt síðustu alda, sem rekja má meðal annars til hungursneyðar hér landi og farsótta, hefur þannig fært nútíma Íslendinga fjær forfeðrum þeirra í Skandinavíu og á Bretlandseyjum.

Þær rannsóknaraðferðir sem Sunna og Agnar beittu eru gríðarlega flóknar og aðeins mögulegar



**Kári Stefánsson kynnti niðurstöðunar á fundi í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

með nýjustu tækni. Þau líkja niðurstöðunum við að búa yfir tímavél.

„Nú þurfum við ekki lengur að áætla á grundvelli arfgerða úr núlifandi fólki. Núna getum við rannsakað fólkið sjálft sem tók þátt í landnámi Íslands.“

Niðurstöðurnar sýna að sá erfðabreytileiki sem kom til Íslands með landnámsfólkinu hefur að stórum hluta til tapast á síðustu þúsund árum. Íslendingar urðu erfðafræðilega einsleitnari með tímanum.

„Þessi rannsókn er hrífandi dæmi um það hvernig umhverfi, í þessu tilfelli harðneskjulegt umhverfi miðaldaáranna, hefur áhrif á ákveðinn erfðahóp,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og einn rannsóknarhöfunda.

„Um leið undirstrika þessar niðurstöður hversu mikilvægt framlag lítill en vel skilgreindur erfðahópur getur átt í að auðga skilning okkar á þeim erfðafræðilegu og þróunarlegu ferlum sem móta tegund okkar.

**kjartanh@frettabladid.is**






# Við sköpum lifandi hafnarhverfi í hjarta miðborgarinnar.

AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK

71 ÍBÚÐ Á EINSTÖKUM STAÐ Í NÝJU HAFNARHVERFI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR. ALLT ÞAÐ BESTA SEM BORGARLÍFIÐ HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA Í NÆSTA NÁGRENNI. FALLEGT ÚTSÝNI ÚT Á SUNDIN OG YFIR ESJUNA.

WWW.AUSTURHOFN.IS




## Fundað og fundað um leiðtogafundinn

**NORÐUR-KÓREA** Kim Yong-chol, hershöfðingi og einn helsti ráðgjafi Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, fundaði í gær aftur með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Umræðuefnið var leiðtogafundur Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Kim einræðisherra sem til stóð að fram færi í Singapúr 12. júní. Trump aflýsti hins vegar fundinum á dögunum og síðan þá hefur verið unnið hörðum höndum að því að ná sáttum svo fundurinn geti farið fram.

Trump á svo von á bréfi frá Kim um fundinn. Búist er við því að bréfið verði afhent í dag.

Fleiri fundir hafa farið fram. Choe Son-hui, varautanríkisráðherra Norður-Kóreu, hefur átt í viðræðum við Bandaríkjamanninn Sung Kim í landamærabænum Panmunjom á Kóreuskaga undanfarna daga.

Þá hefur teymi Bandaríkjanna undir forystu Joe Hagin fundað með norðurkóresku teymi undir stjórn Kim Chang-son, starfsmannastjóra Kim-stjórnarinnar, um praktísk atriði er við koma fundinum.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fundaði svo með Kim í gær en það var fyrsti fundur Kim með svo hátt settum rússneskum ráðamanni. **– þea**



**Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu.**

# Líklegt að sósíalistinn Sánchez komist til valda á Spáni í dag

**Umfangsmikið spillingarmál samflokksmanna forsætisráðherra Spánar dregur dilk á eftir sér. Meirihluti spænska þingsins vill greiða atkvæði með vantrausti á forsætisráðherra. Atkvæðagreiðslan er á dagskrá í dag. Verði vantraust samþykkt á Mariano Rajoy mun Pedro Sánchez taka við forsætisráðuneytinu.**

**SPÁNN** Til stendur að spænska þingið greiði í dag atkvæði um vantraust á forsætisráðherrann Mariano Rajoy. Í gær kom í ljós að flokkur Baska á spænska þinginu (PNV) ætlaði að ganga til liðs við fimm aðra stjórnarandstöðuflokka sem styðja vantrauststillöguna. Með stuðningi Baskanna voru andstæðingar Rajoys orðnir 180 en 176 þarf til þess að steypa Rajoy af stóli.

Ef þingmennirnir 180 greiða atkvæði með tillögunni þýðir það að Rajoy þarf að taka til á skrifborðinu sínu og mun Pedro Sánchez, formaður spænska Sósíalistaflokksins (PSOE) og formlegur leiðtogi stjórnarandstöðunnar, sjálfkrafa taka við forsætisráðherrastólnum.

Skömmu áður en PNV lýsti yfir stuðningi við tillöguna sagði Sánchez í pontu að Rajoy hefði enn tíma til að afstýra þeim örlögum sínum að verða fyrsti spænski forsætisráðherrann sem tapar atkvæðagreiðslu sem þessari. „Ert þú tilbúinn til þess að segja af þér núna? Segðu af þér í dag og þú færð að fara á eigin forsendum. Þú tilheyrir fortíðinni, ert hluti af kafla sem þetta ríki er að fara að loka,“ sagði Sánchez. Rajoy hafði ekki sagt af sér þegar Fréttablaðið fór í prentun og stefndi því í að atkvæðagreiðslan færi fram í dag.



**Stjórnarandstöðuleiðtoginn Pedro Sánchez á þinginu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Partido Popular (PP), flokkur Rajoys, er í minnihluta á þinginu og hefur einungis 134 þingsæti af 350. Þótt hann sé stærsti flokkurinn á þingi er það hvergi nærri nóg til að verja Rajoy vantrausti.

Ástæðan fyrir því að tillagan var sett fram er einna helst umfangsmikið spillingarmál innan raða Partido Popular. Á dögunum voru 29 flokksmenn dæmdir í 351 ár í fangelsi samanlagt í hinu svokallaða Gurtel-máli. Málið komst upp eftir að El País birti skjöl sem Luis Barcenas, fyrrverandi gjaldkeri PP, skrifaði um ólöglegar greiðslur til ýmissa flokksmanna.

**» Að minnsta kosti 180 þingmenn af 350 hyggjast greiða atkvæði með vantrauststillögunni.**

Rajoy sagði á þinginu í gær að þingflokkur PP væri skipaður „heiðarlegu og góðu“ fólki. „Sósíalistarnir eyðilögðu ríkið og við höfum komið hér á vexti og búið til ný störf,“ sagði Rajoy og bætti því við að Sánchez væri nú að reyna að mynda „Frankenstein-stjórn“ sem myndi skaða spænskt hagkerfi.

Ef Sánchez verður forsætisráðherra í dag er ljóst að hann mun njóta stuðnings vinstriflokksins Podemos, tveggja Baskaflokka, tveggja flokka sem berjast fyrir sjálfstæði Katalóníu og smáflokks frá Kanaríeyjum. **thorgnyr@frettabladid.is**




**Passat GTE á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.**

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# SUMARSPRENGJA

## ALGJÖRLEGA FRÁBÆR KYNNINGARVERÐ Á NÝJUM REIÐHJÓLUM

## 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM REIÐHJÓLUM



**Stevens 5X**
Verð 189.995
**94.998,-**
28" stærð
27 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir



**Stevens 4X**
Verð 164.995
**82.498,-**
28" stærð
27 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir



**HEAD E-Cross**
Verð 599.995
**299.998,-**
28" stærð
10 gíra
Rafmagnshjól
Margar gerðir



**Stevens Whaka**
Verð 699.995
**349.998,-**
27.5" stærð
22 gíra
Diskabremsur
All-mountain



**Stevens Gavere**
Verð 319.995
**159.998,-**
28" stærð
22 gíra
Diskabremsur
Cyclocross



**Stevens Stelvio**
Verð 336.995
**168.498,-**
28" stærð
22 gíra
Álstell
Racer



**Stevens Applebee**
Verð 239.995
**119.998,-**
29" stærð
30 gíra
Diskabremsur
Margar gerðir

HEAD
STEVENS BIKES

MAMMUT
hanwag OUTDOOR FOOTWEAR SINCE 1921
OR OUTDOOR RESEARCH
TERNUA
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango

EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

SÓLHEIMAR
ECO-VILLAGE

Sólheimar er sjálfbært samfélag sem veitir íbúum tækifæri til að vaxa, þroskast og vera virkur þátttakandi.

Starfsemi Sólheima og aðstaða er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun sem býr yfir starfsgetu. Á

Sólheimum er starfrækt lífræn garðyrkjustöð sem heitir Sunna og er eina lífræna garðyrkjustöð landsins með Tún vottun.










**Lífrænar Agúrkur**

Verð frá **399** kr/pk

**Lífrænir tómatar**

Verð frá **549** kr/pk

**Lífrænn kúrbítur**

**699** kr/kg




**Annie Chung´s**

Núðlur og núðluréttir

Verð frá **599** kr/pk




**Súrkál fyrir sælkera**

Kimchi, Curtido, klassískt og Chutney

**1.499** kr/stk

**30%** afsláttur




**Grandiosa pizzur**

Hakk & laukur, pepperóní og skinka & paprika

**475** kr/pk

Verð áður 679



**Tengdamömmutungur**

Frábærar með ostunum, pastanu eða einar og sér

**799** kr/pk



**Snowdonia Black Bomber**

Frábær Cheddar ostur með borgaranum

**639** kr/stk




**Olw snakk**

Léttsaltað og Sourcream & Onion. 175 g

**179** kr/pk

Tilboð gilda út 3. júní

# Meira svona alla daga




**Sósur sem gera góðan borgara betri**

**349** kr/stk

ISLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| **479** kr/pk | **559** kr/pk | **639** kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 |

**Rufus Teague Rub**

**799** kr/stk




**Heill ferskur kjúklingur**

**764** kr/kg

Verð áður 899 kr/kg




**Caj P´s lambalærissneiðar**

**2.879** kr/kg

Verð áður 3.599 kr/kg




**Kjúklingabringur**

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg

# Þrautaganga



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Að lágmarki fjórðungshlutur í Arion banka verður seldur langt undir bókfærðu eigin fé bankans. Þetta varð ljóst í gær þegar útboð á bréfum í Arion banka hófst með formlegum hætti en Kaupþing mun þar bjóða stóran hluta í bankanum til sölu miðað við gengið 0,6 til 0,7 krónur fyrir hverja krónu af eigin fé. Fyrir hagsmuni ríkisins, sem fær stóran hluta söluandvirðis útboðsins í sinn hlut samkvæmt forskrift stöðugleikaskilyrðanna, þá eru það vonbrigði að ekki muni fást hærra verð fyrir hlut í bankanum. Slíkt hefði skilað sér í enn hærra stöðugleikaframlagi. Við því er hins vegar lítið að gera. Markaðsvirði bankans, eins og sakir standa, er fyrst og fremst afleiðing lélegrar arðsemi síðustu misseri. Áskorun nýrra eigenda verður að leita leiða til að bæta hana með því að aðlaga viðskiptamódelið að breyttum aðstæðum og vaxandi samkeppni. Það verður ekki auðvelt verkefni.

Söluferli Kaupþings á hlut sínum í Arion banka hefur staðið yfir í nærri tvö ár. Óhætt er að segja að það hafi ekki gengið þrautalaust fyrir sig. Þegar litið er til baka þá sætir það undrun hversu lítið hefur í raun verið gert á öllum þeim tíma til að hagræða í rekstrinum í því skyni að hámarka virði bankans í aðdraganda útboðs. Öllum má þannig vera ljóst að hægt er að fækka starfsfólki í íslenskum bönkum mun meira en gert hefur verið. Eignarhaldið á Arion banka, þar sem bankinn hefur verið án virkra hluthafa með sýn á hverju þurfi að breyta og hvað bæta, hefur hér án efa ekki hjálpað til og haft neikvæð áhrif á afkomu bankans. Hagsmunir hluthafa Kaupþings hafa þar ekki aðeins verið undir, heldur ekki síður – og raunar mun meiri – ríkissjóðs Íslands.

Þessi staða ætti að taka breytingum þegar æskilegra eignarhald kemst á bankann í kjölfar hlutafjárútboðs og skráningu í kauphöll á Íslandi og í Svíþjóð. Þótt væntingar séu um að erlendir fjárfestingasjóðir verði þar hvað fyrirferðarmestir þá mun aðkoma lífeyrissjóðanna einnig ráða miklu um niðurstöðu útboðsins. Ákvörðun sjóðanna að taka ekki tilboði Kaupþings um að kaupa umtalsverðan hlut í bankanum fyrr á árinu hefur reynst afar farsæl. Fjórum mánuðum síðar stendur lífeyrissjóðunum, sem hafa ekki um marga fjárfestingakosti að velja innalands, til boða að kaupa í bankanum á mun hagstæðara verði. Óvíst er samt hvort af því verði. Takist ekki að selja íslensku bankana í alþjóðlegum útboðum, eins og nú er gert í fyrsta sinn með Arion banka, er erfitt að sjá hvernig eigi að koma þeim úr ríkiseigu. Þátttaka lífeyrissjóðanna í slíkum útboðum mun hins vegar ávallt hafa mikið að segja enda myndi fjarvera stærstu stofnanafjárfesta landsins að öðrum kosti draga úr áhuga alþjóðlegra fjárfestingarsjóða.

Þegar haftaáætlun stjórnvalda var kynnt fyrir þremur árum var kröfuhöfum Kaupþings falið það verkefni að koma Arion banka í verð innan tiltekins tíma en um leið tryggja að söluandvirðið færi að mestu til ríkisins. Markmiðið með þeirri leið var ekki síst að flýta fyrir skráningu íslensks banka sem yrði í dreifðri eigu erlendra og innlendra fjárfesta. Það er nú vonandi að raungerast. Takist vel til ætti það að skila sér í auknum áhuga erlendra sjóða á íslenska hlutabréfamarkaðinum sem aftur gæti varðað veginn fyrir skráningu á þeim bönkum sem eru nú alfarið í eigu ríkisins. Það yrði góð niðurstaða.

**Litið til baka þá sætir það undrun hversu lítið hefur í raun verið gert til að hagræða í rekstrinum**





**Handfrjáls búnaður í bílinn.**

- **Tengist símanum með Bluetooth.**
- **HQ voice hljómgæði með „noice cancellation“**

Sekt fyrir að tala í símann undir stýri án handfrjáls búnaðar er 40.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.bsv.is eða bsv@bsv.is og í síma 571 4000


## Halldór




## Frá degi til dags

**Ýkt verkleysi Halldórs**

**Gunnar Smári Egilsson, einn helsti hugmyndafræðingur Sósíalistaflokksins, þótti teygja sig full langt þegar hann hrósaði sínu fólki fyrir að vilja ekki taka sæti í meirihluta í borgarstjórnar með vísan til þess að „Halldór Auðar Svansson eða Líf Magneudóttir hafi [ekki] komið miklu áleiðis á síðasta kjörtímabili sem svona aukahjól undir meirihluta“. Halldór þykir þvert á móti hafa komið allnokkru í verk. Meðal annars er bókhald borgarinnar nú opið og aðgengilegt á netinu og ráðist var í endurskoðun á mannréttindastefnu borgarinnar þar sem áherslur Pírata fengu notið sín. Svo eitthvað sé nefnt.**

**Vigdís heyrir spunahljóð**

**Það hvein í tálknum Vigdísar Hauksdóttur vegna fréttar RÚV um að Viðreisn hafi útilokað samstarf við Miðflokkinn. Sigri hrósandi tilkynnti hún síðan á Facebook að um spuna hafi verið að ræða og að „Fréttamenn eiga að flytja fréttir en ekki búa þær til !!!“. Helgi Seljan svarar Vigdísi: „Þetta var enginn spuni Vigdís. Það er fullkomlega ofsagt ekki alveg sanngjarnt. Þetta voru eindlega mistök sem hafa bæði verið leiðrétt og beðist velvirðingar á þeim.“ Starfsfólk RÚV má þó sennilega þakka sínum sæla fyrir að Vigdís fari ekki lengur fyrir fjárlaganefnd Alþingis.** thorarinn@frettabladid.is

# Skilvirkara Ísland



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Það er virðingarvert að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa fyrir samfélagið. Nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum er óskað til hamingju með kjörið og með fylgja óskir um velfarnað í störfum. Mikilvæg verkefni bíða, ekki síst á sviði húsnæðis- og samgöngumála. Stjórnsýsla þarf að vera skilvirkari, afgreiðsla mála skjót og málefnaleg til að draga úr óþarfa kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu. Breyta þarf skipulagi þannig að fjöldi íbúða verði í takt við vænta fólksfjölgun og leita þarf leiða, ekki síst snjallra lausna svo umferð gangi greiðlega.

Það kemur ekki á óvart að húsnæðis- og samgöngumál hafi verið kjósendum í sveitarstjórnarkosningum hugleikin. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu mun fjölga um 70 þúsund ef marka má spá sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Því fylgir umtalsverð uppbygging íbúðarhúsnæðis en skipulag gerir enn ekki ráð fyrir öllum þessum fjölda íbúða. Hljóð og mynd fara því ekki saman. Skortur á húsnæði hefur þrýst verði upp þannig að erfiðara er að komast inn á markaðinn og leiguverð hefur hækkað skarpt. Aukin umferð hefur leitt til þess að ferðatími á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um allt að 40% á fimm árum. Valið stendur þannig á milli dýrrar íbúðar miðsvæðis eða umferðartafa.

Stjórnsýsla sveitarfélaga í þessum málum er ekki eins og best verður á kosið og er frægt þegar Mathöllin á Hlemmi var opnuð ári of seint þar sem Reykjavíkurborg átti erfitt með að fá tilskilin leyfi hjá sjálfri sér. Það bætir svo gráu ofan á svart að öryggisventillinn virkar ekki. Afgreiðsla úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála tefst langt umfram lögboðin mörk. Hefur ESA séð ástæðu til að setja ofan í við stjórnvöld vegna þessa og krafist úrbóta.

Ríkið þarf að einfalda stjórnsýsluna. Flutningur húsnæðismála og byggingarmála yfir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þannig að úr verði öflugt innviðaráðuneyti væri gott fyrsta skref. Einföldun, aukin skilvirkni og breytt skipulag eru fyrstu skref í átt að þeirri nauðsynlegu uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað.

**Flutningur húsnæðismála og byggingarmála yfir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þannig að úr verði öflugt innviðaráðuneyti væri gott fyrsta skref.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Pólitískur og rökfræðilegur ómöguleiki

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Bandarísku flugmennirnir á ítölsku eynni Pianosa í seinni heimsstyrjöldinni þurftu að glíma við ýmiss konar harðræði og fáránleika. Þetta er að minnsta kosti uppleggið í skáldsögu eftir Joseph Heller. Þar segir einmitt frá hinni frægu reglu „Catch-22“.

**Enginn heilvita maður**

Söguhetjan Yossarian var einn af þessum flugmönnum sem þurftu í sífellu að sendast yfir hafið til þess að varpa sprengjum á óvinaherinn. Þetta var hættuleg iðja því óvinurinn var lítt hrifinn af sprengjuregninu og reyndi því af öllum mætti að skjóta sprengjuvélarnar niður. Yossarian tók þessar árásir mjög persónulega og vildi ólmur losna undan því að vera sendur í þessar sprengjuferðir.

Eitt skiptið sem oftar fer hann til læknisins á herstöðinni og heimtar að fá uppáskrift um að hann sé óhæfur til að fljúga fleiri sprengjuleiðangra. Læknirinn harðneitar og bregður flugmaðurinn á það ráð að segjast vera geðbilaður, og spyr lækninn hvort hann þurfi ekki að setja geðbilaða menn í flugbann.

Læknirinn staðfestir að sér beri skylda til þess. „Það er regla sem segir að ég verði að setja hvern þann í flugbann sem er veikur á geði.“ Þá hvetur Yossarian lækninn til þess að spyrja aðra í herdeildinni og að þeir muni allir staðfesta að hann sé geðbilaður. Þessu þverneitar læknirinn og segir að ekkert mark sé takandi á hinum flugmönnunum af því þeir séu allir snarbilaðir á geði. Yossarian spyr þá hvort hann þurfi ekki að setja þá alla í flugbann, og læknirinn segist vissulega mundi þurfa að gera það, en það sé hluti af reglunni að menn þurfi að biðja um að vera settir í flugbann.

„En af hverju biður enginn um að vera settur í flugbann“ spyr Yossarian. „Það er vegna þess að þeir eru allir bilaðir,“ svarar læknirinn.

Og til þess að fullkomna fáránleikann þá segir læknirinn að hver sá sem reynir að komast undan herþjónustu með því að segjast vera geðbilaður sé augljóslega heill á geði því einungis sá sem er bilaður á geði myndi kjósa að gegna herþjónustu ef hann gæti komist hjá því. Og þetta er hin fræga regla „Catch-22“.

**Steingrímur í bobba**

Þegar upp koma fáránlegar aðstæður, einkum í tengslum við opinbera stjórnsýslu og skriffinnsku, þá er gjarnan talað um „Catch-22“ ástand. Og nú er píratinn Björn Leví Gunnarsson búinn að koma Steingrími J. Sigfússyni, forseta Alþingis, í þannig stöðu. Björn Leví sendi nefnilega forsetanum fyrirspurn þar sem óskað var eftir skriflegu svari við spurningunni: „Hvaða óskráðu reglur og hefðir gilda um störf þingmanna?“ og vitaskuld er óskað eftir skriflegu svari.

Ef Steingrímur J. Sigfússon svarar fyrirspurninni þá hefur hann um leið skrásett hinar óskráðu reglur og eru þær þá að sjálfsögðu ekki lengur óskráðar heldur skráðar og eru þá samkvæmt skilgreiningu ekki lengur nothæft svar við fyrirspurninni. Það gildir um þetta viðfangsefni Steingríms hið sama og um þögnina, sem hverfur um leið og hún er nefnd.

**Kurteisi eða valdboð**

Þessi heimspekilega gildra er þó ekki aðeins áhugaverð út frá hinni skemmtilegu rökleysu sem hún býður upp á heldur endurspeglar hún kröfuna um að til séu skráðar reglur og ferlar um allt mögulegt. Það má jafnvel greina ákveðna tortryggni í garð „óskráðra reglna“ eins og þær séu leyndarmál sem einungis innvígðum og innmúruðum er sagt frá—en svo eru aðrir skammaðir fyrir að kunna ekki að hegða sér í samræmi við þær.

En raunin er sú að langstærstur hluti af þeim reglum sem við fylgjum í lífinu eru óskráðar. Það er til dæmis engin skráð regla eða lög sem bannar manni að borða bæði næstsíðustu og síðustu pönnukökuna á disknum; það er bara dónalegt. Það er heldur engin skráð regla sem fyrirskipar að knattspyrnulið hendi boltanum aftur til mótherjans ef boltinn var settur úr leik til að hlúa að meiðslum; annað þykir einfaldlega ódrengilegt. Og það mun vera óskráð regla á Alþingi að þegar þingmaður flytur sína fyrstu ræðu þá sé honum sýnd sú miskunn að ekki sé komið upp til andsvara.

Þessar óskráðu reglur hafa einmitt vægi í samfélaginu af því að þær byggjast á dómgreind fólks, kurteisi og drengskap, en ekki valdboði. Ef þær væru hins vegar skráðar þá væri ekki lengur nein dyggð fólgin í að fylgja þeim og það yrði hætt við að þær yrðu misnotaðar.

Á öllum heimilum, skólum og vinnustöðum gilda ýmiss konar samskiptareglur og hefðir sem þróast smám saman í takt við þarfir og tíðaranda.

Og það gildir svipað um þessar reglur, eins og reglu læknisins á Pianosa, að um leið og reynt er að skrá rökrétta og gagnlega óskráða reglu þá er líklegt að hún umbreytist í ógagnlega og órökrétta reglugerðarþvælu.




# Uppdópað gengi Seðlabanka veldur vaxandi usla og tjóni



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Ein elzta prentsmiðja og kassagerð landsins, Oddi, neyddist fyrir nokkru til að hætta framleiðslu á bylgju- og plastumbúðum, og þurfti að segja upp helmingi starfsmanna sinna, 86 manns. Á okkar mælikvarða var þetta gífurlega stór og alvarleg hópuppsögn.

Er við því að búast, að önnur iðnfyrirtæki, sem selja mest á innlendum markaði, líka auðvitað ferðaþjónustan, séu komin í svipaðan vanda, en uppdópað gengi krónunnar lækkar verð á innfluttri vöru, meðan það torveldar innlendum iðnfyrirtækjum, sem hafa líka sinn háa launakostnað, yfirkeyrðan fjármagnskostnað og lítinn markað, að keppa við innflutta, erlenda framleiðslu.

Innlend iðnfyrirtæki hafa í raun ekki átt þess kost, vegna okurvaxta og uppdópaðs gengis, að keppa á jafnréttisgrundvelli við erlend iðnfyrirtæki í mörg misseri, þó að þau hafi að nokkru haldið velli vegna nálægðar og tengsla við heimamarkaðinn.

Alþjóðleg samkeppnisstaða byggist á fjórum meginþáttum:

1. Launakostnaði
2. Fjármagnskostnaði
3. Gengi gjaldmiðla
4. Tollum

Auðvitað kemur fleira til, eins og menntun, reynsla og hæfni stjórnenda, agi, gæðavitund og verklag iðnverkafólks o.s.frv.

Mikilvægt er líka, um hverskyns iðnvarning er að ræða. Einfaldan varning má að verulegu leyti framleiða án þess að mannshöndin komi þar mikið nærri. Gallinn er samt sá, að slík tækni kallar á meira framleiðslumagn en íslenzkur markaður oft leyfir. Annars vegar þarf því fjármagnskostnaður að vera hóflegur, svo að unnt sé að fjárfesta í kostnaðarsamri sjálfvirkri framleiðslutækni, og hins vegar þarf gengi krónunnar að vera „rétt“ svo líka sé hægt að flytja út, ef þörf krefur.

Væntanlega var „rétt gengi“, eða öllu heldur skortur á því, afgerandi þáttur í vanda Odda, en „rétt gengi“ myndi hækka kostnað innfluttrar samkeppnisvöru og jafnframt lækka verð útfluttrar vöru í erlendri mynt.

Fyrsta forsenda fyrir „réttu gengi“ milli tveggja gjaldmiðla, er, að ávöxtunin, sem aftur byggist á verðbólgu, sé svipuð. Spurningin er sem sagt, annars vegar, hversu mikla ávöxtun fær fjárfestir af fjárfestingu í tilteknum gjaldmiðli og hins vegar, með hversu stöðugu verðgildi gjaldmiðilsins getur fjárfestirinn reiknað.

Síðustu árin hefur verðbólga í hinum vestræna heimi verið frá núlli upp í um tvö prósent. Um þessar mundir er verðbólga í Bandaríkjunum 2,1%, í Bretlandi 2,9%, í Þýzkalandi 1,65% og í Evrópu 1,35%. Á sama tíma eru stýrivextir í Bandaríkjunum 1,25-1,5%, í Bretlandi 0,5% og í Þýkalandi og Evrópu 0,00%. M.ö.o. er verðbólgan í öllum okkar helztu viðskiptalöndum verulega miklu meiri en stýrivextir.

Til að við getum flutt inn og út frá þessum helztu viðskiptalöndum okkar á jafnræðisgrundvelli, þyrfti hlutfall milli verðbólgu og vaxta auðvitað að vera svipað hér.

Því er þó kolöfugt farið. Stýrivextir hér hafa verið margfalt hærri en verðbólgan, en, í raun, ef hún er reiknuð á sama hátt og í nefndum viðskiptalöndum (án fasteignakostnaðar), hefur hún verið í allt að MÍNUS 2,6% síðustu misseri; hjá okkur hefur verið langvarandi og stöðug verðhjöðnun, á sama tíma og stýrivextir hér eru nú 4,25%.

Með þessum óskiljanlega hætti, sem brýtur í bága við síðustu og beztu aðferðafræði allra annarra vestrænna seðlabanka, dópar Seðlabankinn hér upp krónuna, langt upp fyrir sanneða raunverð, og afskræmir gjöld og tekjur helztu atvinnuvega landsins.

Miðað við fjármálavísindi seðlabanka helztu viðskiptalanda okkar, ættu stýrivextir á Íslandi í hæsta falli að vera við núllið, en í raun eru þeir, sem sagt, plús 4,25%, sem er yfirkeyrt og óskiljanlegt og dópar sennilega upp krónuna um 10-20%.

**Frá mínum bæjardyrum séð, ber Seðlabankinn meginsökina og -ábyrgðina á fjöldauppsögnunum bæði hjá Granda á Akranesi í fyrra og Odda hér í Reykjavík nú , með sinni glórulausu vaxtastefnu.**

Frá mínum bæjardyrum séð, ber Seðlabankinn meginsökina og -ábyrgðina á fjöldauppsögnunum bæði hjá Granda á Akranesi í fyrra og hjá Odda hér í Reykjavík, með sinni glórulausu vaxtastefnu, og er þá ótalinn uppsafnaður og enn óþekktur vandi fjölmargra annarra fyrirtækja, sem enn reyna að berjast, bæði á sviði iðnaðar og ferðaþjónustu.

# Heiðskírt í vestfirskri umræðu



**Daníel Jakobsson**
hótelstjóri og bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Umræða um raforkumál á Vestfjörðum og landinu öllu er mikilvæg. Tómas Guðbjartsson leggur þar iðulega orð í belg og þykir mér hann stundum setja sig á háan hest gagnvart þeim sem eru honum ekki fullkomlega sammála. Fyrir honum virðist nú vera orðið aðalatriði í umræðunni dræm mæting á fund hans hér á Ísafirði fyrir stuttu og skrifar um það greinar.

Til að ná árangri með umræðunni þarf fólk að vera reiðubúið til að setja sig inn í aðstæður annarra og hlusta á rök annarra sem eru ekki á sömu skoðun. Slík umræða er af hinu góða. Reyndar má halda því fram að tíminn fyrir þá umræðu um Hvalárvirkjun sé liðinn eftir meðferð Alþingis á virkjunarkostinum í Rammaáætlun II og ítarlegt samráðs- og kynningarferli í lögbundnu umhverfismati framkvæmdarinnar.

Hlutverk Rammaáætlunar er að meta hugsanlega virkjunarkosti, bera þá saman og forgangsraða. Niðurstaðan hvað varðar Hvalá er sú að skynsamlegt telst að nýta hana. Á grundvelli þeirrar vinnu er búið að setja hundruð milljóna króna í þetta verkefni með það að markmiði að það verði að veruleika. Umræðan um Hvalá á þessum tímapunkti ætti því ekki að snúast um það hvort verði af Hvalárvirkjun, heldur hvernig má haga tengingum, línulögnum og öðru tilheyrandi þannig að það komi Vestfirðingum og landsmönnum öllum sem mest til góða.

### Mannanna verk raska náttúrunni

Framtíð Vestfjarða stendur ekki og fellur með Hvalárvirkjun. Það er hins vegar augljóst að virkjunin mun gegna lykilhlutverki í auknu raforkuöryggi á Vestfjörðum og áhrifa hennar á flutning á rafmagni, sem er takmarkandi þáttur, mun gæta víða – meðal annars á Norðurlandi.

Vissulega er það þannig að náttúra verður raskað vegna virkjunarframkvæmda. En þannig er það með öll mannanna verk. Í staðinn fáum við aukið rafmagn innan fjórðungsins sem er forsenda frekari atvinnuuppbyggingar hér. Við fáum samgöngubætur í Árneshreppi með vegi úr Ísafjarðardjúpi og vegbætur úr Árneshreppi suður til Hólmavíkur. Vegna framkvæmdanna kemur þriggja fasa rafmagn í hreppinn og ljósleiðari. Allt eru þetta verkefni sem hið opinbera hefur fram að þessu ekki treyst sér til að fara í.

### Gott aðgengi að fjölmiðlum

Að lokum þetta. Það á ekki að gera lítið úr þeim sem vilja berjast fyrir umhverfinu og það á ekki að halda því fram að náttúra Vestfjarða sé einkamál okkar sem hér búum. En það á heldur ekki að gera lítið úr afstöðu heimamanna, jafnvel þótt hún sé á öndverðum meiði við skoðun Tómasar Guðbjartssonar eða annarra sem titla sig sérstaklega náttúruverndarsinna. Hver og einn tekur ákvörðun fyrir sig á sínum forsendum.

Það hver heldur hvaða fund og hver mætir á hann er aukaatriði.

**Vissulega er það þannig að náttúru verður raskað vegna virkjunarframkvæmda. En þannig er það með öll mannanna verk. Í staðinn fáum við aukið rafmagn innan fjórðungsins sem er forsenda frekari atvinnuuppbyggingar hér.**

Umræðan hefur sannarlega farið fram og enginn Íslendingur virðist hafa jafn gott aðgengi að fjölmiðlum og Tómas þannig að sjónarmið hans hafa svo sannarlega heyrst.











# Heilbrigðisþjónustan – hvert stefnir?



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum

Hvað er betra? Að fyrirbyggja eða bíða og laga seinna ?

Hver myndi ekki fara með bílinn í skoðun þegar óþægileg skrölthljóð gera vart við sig? Fara á verkstæði áður en bíllinn verður óökuhæfur?

Hver vildi ekki fara upp á þak og kanna vandann þegar byrjar að leka, drífa í nauðsynlegum viðgerðum og þar með að fyrirbyggja að meira tjón verði?

Hver sem vill eiga fallegan garð myndi ekki reyta upp óæskilegan gróður áður en sá leggur allan garðinn undir sig?

Það er vitað mál að aðgerð í tæka tíð sparar peninga og vinnu seinna meir.

En hvernig standa málin hjá okkur mannfólki? Menn geta orðið fyrir alls konar áföllum sem bæði líkamlega og andlega heilsu snertir. Hvaða möguleika eigum við á að fá hjálp og meðferð í tæka tíð? Langir biðlistar í heilbrigðisþjónustunni tala sínu máli. Hvað þarf til dæmis barn með geðræn vandamál að bíða lengi eftir greiningu og í framhaldi af því viðeigandi meðferð? Hvað er biðlistinn langur til að komast inn á Vog í áfengis- eða fikniefnameðferð? Hversu lengi þurfa menn að bíða eftir liðskiptaaðgerð og þar með að geta byrjað nýtt líf án sársauka og verkjatöfluáts? Hversu vel gengur að komast í endurhæfingu og sjúkraþjálfun óháð því hvernig efnahagurinn er?

Sú sem skrifar hér er nýkomin úr endurhæfingu hjá NLFI í Hveragerði. Þar er unnið einstaklega gott starf og menn eru margir að koma heim endurnærðir og tilbúnir að takast á við daglegt líf eftir sinni getu upp á nýtt. Mér er með öllu óskiljanlegt að svona stofnun þarf stöðugt að skera niður í sinni starfsemi vegna fjárskorts. Sama sagan er að segja frá Reykjalundi í Mosfellsbæ. Og hvernig er ástandið á Grensásdeildinni?

Að grípa inn í tímanlega og hjálpa fólki að ná betri heilsu, starfsgetu og tækifæri til að geta lifað ánægjulegu lífi má auðvitað skoða frá fjárhagslegum sjónarhóli. Menn sem komast í viðeigandi meðferð án þess að þurfa að bíða lengi og fá þar með orku og starfsgetu fyrr eru þjóðfélaginu ekki eins dýrir en þeir sem geta sökum veikinda af alls konar tagi ekki lagt neitt til. En það er auðvitað svo miklu meira í húfi: Lífsgæði og ánægjan yfir því að vera til eykst með því að heilsan er í lagi og að menn upplifa sig sem manneskju sem skiptir máli og getur orðið að einhverju gagni.

Með því að setja menn endalaust á biðlista erum við að ýta vandamálunum á undan okkur þangað til þau stækka og stækka. Að gera við í tæka tíð þýðir að spara á endanum. Við eigum ekki að kasta krónum til að spara aura með því að fresta aðgerðum. Það ætti einnig að endurskoða hvort hægt væri að bjóða fólki upp á reglulega og ókeypis krabbameinsleit. Hversu margir gætu notið þeirrar þjónustu miðað við þann kostnað vegna eins sjúklings sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda. Og þá tölum við ekki um ómælda þjáningu sem fylgir slíkum sjúkdómum.

Ég vona að nýi heilbrigðisráðherrann skoði þessi mál með opnum hug og blási til aðgerða til að afmá ómanneskjulega biðlista. Einnig að hún sjái til þess að lagt verði meira fjármagn í þær stofnanir sem sjá um endurhæfingu af alls konar tagi.

SJÓVÁ

# SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

2. júní 2018

## Heilbrigð skemmtun fyrir alla

Hlaupið er frá:

Garðatorgi
í **Garðabæ** kl. 11.

Frjálsíþróttavellinum
í **Mosfellsbæ** kl. 11.

Tónlist og afþreying fyrir börn og fullorðna

**Upplýsingar um alla hlaupastaði á kvennahlaup.is**

Kristall NIVEA mbl.is



Það var létt yfir Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfara Noregs, á blaðamannafundi á Laugardalsvelli í gær. Þar er hann öllum hnútum kunnugur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ísland á stað í mínu hjarta

**Lars Lagerbäck rifjaði upp gamla tíma á blaðamannafundi á Laugardalsvelli í gær. Hann hefur miklar taugar til sinna gömlu lærisveina í íslenska landsliðinu en er einbeittur í sínu starfi sem landsliðsþjálfari Noregs.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck er mættur hingað til lands með lærisveina sína hjá norska karlalandsliðinu í knattspyrnu, en Noregur mætir Íslandi í vináttulandsleik á Laugardalsvellinum á morgun. Þetta er í fyrsta skipti sem hann er andstæðingur íslenska liðsins síðan hann hætti störfum hjá liðinu eftir Evrópumótið árið 2016.

Lars rifjaði upp gamla tíma frá Íslandi þegar hann ræddi við blaðamenn á blaðamannafundi fyrir æfingu norska liðsins í gær.

„Það er vissulega sérstakt að koma hingað aftur eftir góða tíma hér. Ég þekki alla leikmenn hins liðsins, þjálfarateymi andstæðingsins og þá sem vinna í kringum liðið afar vel og það gefur þessum leik sérstakan blæ. Ísland mun ávallt eiga stað í mínu hjarta, en nú er ég hér sem þjálfari Noregs og verð að sýna fagmennsku í því starfi. Ég mun reyna að hitta á Heimi utan þéttrar dagskrár hjá okkur báðum, en annars verður þetta bara hefðbundinn undirbúningur. Við Heimir erum reglulega í sambandi, en það fer hins vegar eftir því hversu mikið er að gera hjá hvorum um sig hversu títt við ræðum saman og svo hve lengi við spjöllum saman,“ sagði Lars.

„Mér eru minnisstæðastir leikirnir tveir gegn Hollandi í undankeppni EM 2016 þar sem við unnum hollenska liðið einkar sannfærandi í báðum leikjunum, án þess að þeir næðu skapa mörg teljandi færi. Svo kemur leikurinn gegn Englandi í 16 liða úrslitum á EM að sjálfsögðu fljótt upp í hugann þegar ég er beðinn um að rifja upp tíma minn við stjórnvölinn hjá Íslandi, en ég held að það sé besti leikur íslenska liðsins undir minni stjórn Ég hef aldrei tapað fyrir Englandi á þjálfaraferli mínum og mér þykir vænt um þá staðreynd,“ sagði Lars.

„Ég tel að íslenska liðið eigi ágætis möguleika á HM í sumar, en það verður að hafa það í huga að liðið er í erfiðum riðli og því verður að gera raunhæfar væntingar til þess. Þó svo að liðið mæti til leiks sem minni spámaður þá myndi ég aldrei afskrifa það að það nái góðum árangri. Það er lykilatriði fyrir liðið að Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson verði komnir í gott form þegar á mótið kemur. Það veikir liðið vissulega að Kolbeinn Sigþórsson sé meiddur, en liðið sýndi það hins vegar í undankeppninni að liðið getur vel plumað sig án hans. Ég ætla ekki að fara til Rússlands og vera á meðal áhorfenda á HM, mun þess í stað horfa á leikina í sjónvarpi. Þannig næ að horfa á fleiri leiki en ég gæti ef ég væri á svæðinu,“ sagði Lars.

> Ég mun reyna að hitta á Heimi utan þéttrar dagskrár hjá okkur báðum, en annars verður þetta bara hefðbundinn undirbúningur.
>
> Lars Lagerbäck

Leikurinn á morgun er næst síðasti leikur íslenska liðsins fyrir fyrsta leik liðsins í lokakeppni HM, en liðið mætir Gana, einnig á Laugardalsvelli, á fimmtudaginn í lokaleik sínum fyrir leikinn gegn Argentínu sem fram fer í Moskvu 16. júní. Það verður sérstök stund að sjá Lars ganga inn á Laugardalsvöllinn og setjast í varamannaskýli andstæðinganna og segja andstæðingum íslenska liðsins fyrir verkum. Þegar á hólminn verður komið mun hins vegar athyglin beinast að leikmönnum liðanna sem vonandi sýna góða frammistöðu inni á vellinum.

**hjorvaro@frettabladid.is**

# Frábært að vera búnir að fá Guðmund aftur

**HANDBOLTI** Undirbúningur íslenska karlalandsliðsins í handbolta fyrir leikina gegn Litháen í umspili um sæti á HM 2019 er hafinn.

Fáir leikmenn mæta með jafn mikið sjálfstraust til leiks og Stefán Rafn Sigurmannsson. Hornamaðurinn knái leikur með Pick Szeged sem varð ungverskur meistari á dögunum. Szeged batt þá enda á 10 ára sigurgöngu Veszprém.

„Þeir hafa verið númer eitt og enginn annar hefur komist að. Þannig að þetta er frábært fyrir félagið mitt og ungversku deildina,“ sagði Stefán Rafn í samtali við Fréttablaðið fyrir landsliðsæfingu í Safamýrinni í gær.

„Árið 2012 keypti nýr eigandi félagið og þá byrjaði þetta allt. Þá kom þjálfarinn [Juan Carlos Pastor] og byrjaði að leggja grunninn að þessu. Þetta hefur tekið tíma en félagið uppskar loksins núna og þetta er hrikalega sætt. Það er mikil gleði í bænum og ég held að það hafi verið partí í viku.“

Stefán Rafn kveðst afar ánægður í herbúðum Szeged. „Ég gerði tveggja ára samning og verð áfram. Mér líður ótrúlega vel þarna. Þetta er frábært félag og vel hugsað um mann.“

Stefán Rafn er himinlifandi með endurkomu Guðmundar Guðmundssonar í stól landsliðsþjálfara.

„Hann er ótrúlega fær þjálfari og einn af þeim bestu í heiminum. Hann nær því besta fram hjá mönnum og þá verður liðið sjálfkrafa betra. Það er frábært að vera búnir að fá hann til baka,“ sagði Stefán Rafn. „Við erum með mikið af ungum strákum og maður er orðinn einn af þeim eldri í hópnum, 28 ára. Þessir strákar eru ótrúlega góðir og það er gott fyrir þá að fá svona góðan þjálfara sem heldur vel utan um þetta.“

Stefán Rafn var ekki með á síðustu tveimur stórmótum. Þrátt fyrir það gerir hann sér vonir um að vera í lokahópnum í leikjunum gegn Litháen sem verður kynntur á næstu dögum.

„Já, algjörlega. Ég er búinn að spila mjög vel og hef margt fram að færa. Ég geri mér miklar vonir um það,“ sagði Stefán Rafn. – **iþs**



Nýkrýndi Ungverjalandsmeistarinn, Stefán Rafn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## 15 DAGAR í HM



**Hólmar Örn Eyjólfsson**

**Aldur:** 27 ára
**Staða:** Miðvörður
**Félag:** Levski Sofia
**Landsleikir:** 9/1

## Nýjast

**Mjólkurbikar karla**

**FH - KA 1-0**
1-0 Halldór Orri Björnsson (19.).

**Kári - Víkingur R. 3-4**
0-1 Örvar Eggertsson (19.), 1-1 Ragnar Már Lárusson (23.), 2-1 Páll Sindri Einarsson (44.), 3-1 Andri Júlíusson (45.), 3-2 Davíð Örn Atlason (47.), 3-3 Rick Ten Voorde (60.), 3-4 Alex Freyr Hilmarsson (112.).

*FH, Víkingur R., Valur, Þór, Víkingur Ó., ÍA, Stjarnan og Breiðablik verða í pottinum þegar dregið verður í 8-liða úrslit Mjólkurbikars karla.*

# Zidane sagði upp hjá Real

**FÓTBOLTI** Zinedine Zidane sagði óvænt upp hjá Real Madrid í gær, aðeins fimm dögum eftir að hafa stýrt liðinu til sigurs í úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Entist hann 878 daga í starfi hjá Real Madrid en á þeim tíma vann hann níu bikara eða bikar á rúmlega þriggja mánaða fresti. Stýrði hann liðinu í 149 leikjum og unnust 104 þeirra, 29 jafntefli og sextán töp. Það þótti hins vegar ekki ásættanlegt í Madrídarborg að vera sautján stigum á eftir Barcelona í deildarkeppninni.

Með sigrinum um helgina varð Real Madrid fyrsta liðið í 42 ár til að vinna Meistaradeild Evrópu þrjú ár í röð en síðast tókst Bayern München það í Evrópukeppni meistaraliða 1976. Stýrði Zidane liðinu til sigurs í þessari sterkustu deild heims öll þrjú árin. – **kpt**

# Guðrún Brá í toppbaráttunni

**GOLF** Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK, er meðal efstu kylfinga á Jabra Ladies-mótinu í golfi sem fram fer í Frakklandi en fresta þurfti leik þegar Guðrún Brá var búin með tólf holur á fyrsta hring vegna veðurs.

Guðrún Brá var í einum af síðustu ráshópum dagsins og fékk hún strax fugl á annarri og þriðju holu dagsins en fyrsti skolli dagsins leit ljós á sjöttu holu. Fylgdi hún því eftir með því að krækja í tvo fugla í röð en stuttu síðar var mótið stöðvað þegar þrumur og eldingar bættust við úrhellisrigninguna á vellinum.

Er hún einu höggi á eftir Önu Menendez frá Mexíkó sem hefur lokið tólf holum en mótið heldur áfram klukkan 7.30 í dag og verður fyrsta hringnum lokið áður en kylfingar fara aftur út á annan hring.

Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, þurfti einnig að hætta leik en hún náði sér ekki á strik í dag og er hún í 93. sæti á fimm höggum yfir pari. Fékk hún skolla á fyrstu holu en eftir fimm pör í röð fékk Skagakonan þrefaldan skolla og fylgdi því eftir með skolla á næstu holu. Krækti hún í fyrsta fugl dagsins og einn skolla til viðbótar rétt áður en kylfingar voru kallaðir inn. – **kpt**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ 2018

# Er ekki í tónlist peninganna vegna

María Magnúsdóttir tónlistarkona var nýlega útnefnd bæjarlistarmaður Garðabæjar. Á næstunni ætlar hún að leggja land undir fót, ásamt samstarfsfólki sínu, og halda ellefu tónleika á þrettán dögum hringinn í kringum landið. →2



María er ekki í tónlist út af peningum heldur af sköpunarþörf. Hún segir að sú gleði sem hún fái út úr því að standa á sviði og flytja tónlist sé ómetanleg. MYND/ERNIR






Framhald af forsíðu ➺

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





María reynir að gráta fortíðina sem minnst og einbeita sér frekar að framtíðinni. MYND/ERNIR

María Magnúsdóttir hefur verið önnum kafin undanfarnar vikur við að skipuleggja tónleikaferð um landið sem hefst þann 9. júní á Kirkjubæjarklaustri og endar í Reykjavík þann 21. sama mánaðar. „Ég verð með einvalalið með mér í för. Við erum fimm saman og köllum ferðina MIMRA Roadtrip Tour og ætlum að spila fyrir landann og ferðamenn. Við ferðumst í bílum og gistum í hjólhýsi og tjaldvagni á leiðinni,“ segir María sem er mörgum að góðu kunn undir listamannsnafninu MIMRA.

## Tónlistin heillaði strax

María sleit barnsskónum í Garðabænum, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og þaðan lá leið hennar í tónlistina. „Á menntaskólaárunum uppgötvaði ég að mig langaði að leggja tónlist fyrir mig og þá varð ekki aftur snúið. Ég lærði á píanó og söng mikið sem krakki, ég var í kórastarfi og í kringum tvítugsaldurinn byrjað ég að syngja með Gospelkór Reykjavíkur. Á sama tíma hóf ég nám við FÍH þaðan sem ég lauk burtfararprófi samhliða kennaraprófi. Það var gaman og lærdómsríkt að syngja með Gospelkórnum og við tókum þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum, svo sem stórum tónleikum í Laugardalshöll sem og bakraddir í hinum ýmsu stórverkefnum. Á sama tíma fetaði ég mín fyrstu spor sem söngkona og hélt mína eigin tónleika,“ segir María sem þreytti frumraun sína á Café Rosenberg sem þá var og hét.

## Námið opnaði dyr

Að námi loknu opnuðust Maríu margar dyr og hún hafði nóg að gera, stjórnaði kórum, kenndi tónlist og söng mikið. „Ég gaf út fyrstu plötuna mína, Not Your Housewife, og fékk bræðurna Börk Hrafn og Daða Birgissyni úr Jagúar til að spila með mér. Titillagið varð meira að segja smá sumarsmellur,“ segir María hlæjandi. „Þetta voru mínar fyrstu tónsmíðar og eins og ég elska plötuna mína mikið er hún frábrugðin því sem ég geri í dag. Þegar ég lít til baka finnst mér ég hafa verið kúl og dáist að þessari 22 ára stelpu sem ákvað að gefa út plötu upp á eigin spýtur,“ segir María.

Hún var ákveðin í að læra meira og fluttist til Hollands haustið 2010 í þeim tilgangi. „Mig langaði mest að læra tónsmíðar og fór í nokkur inntökupróf en ég var óheppin og raddlaus og komst ekki inn í neinn skóla. Óneitanlega var það dálítill skellur því mér hafði ávallt gengið vel í því sem ég tók mér fyrir hendur. Ég fór því að leita mér að vinnu í Hollandi og það kom tími þar sem ég þurfti virkilega að finna út hvað ég vildi gera og hvort ég væri á réttri hillu í lífinu. Það var frekar súrt að vera atvinnulaus í útlöndum en ég fékk svo vinnu við að þjóna og loks á leikskóla. Ég ákvað að láta ekki deigan síga og sótti aftur um ári seinna og þá flaug ég inn í draumaskólann,“ rifjar María upp.



Á tónleikum hjá Lucky Records.



Kát að lokinni útskrift frá Goldsmiths University.

## Verðlaunuð fyrir besta lokaprófið

Hún var við nám í söng og tónsmíðum í Konunglega listaháskólanum í Haag í fjögur ár og við útskriftina hlaut hún verðlaun fyrir besta lokaverkefnið. „Það var sérlega ánægjulegt eftir að hafa ekki komist inn í fyrstu tilraun. Ég var himinlifandi, enda lagði ég líf og sál í þetta nám. Lokaverkefnið mitt var unnið í samstarfi við stelpu í hljóðhönnunarnámi en hún vildi halda upptökutónleika. Það varð í raun upphafið að MIMRA ævintýrinu. Við settum upp 16 manna band og áhorfendur sátu í kringum okkur og fengu beint í æð hvernig svona tónleikar eru teknir upp,“ segir María.

Eftir námið fannst Maríu aðeins tvennt koma til greina. Annað hvort að flytja heim til Íslands og gefa út plötu eða flytja til London, læra meira og gefa út plötu. London varð fyrir valinu og þar fór hún í mastersnám við Goldsmiths University. „Ég flutti heim aftur eftir útskrift og finnst fínt að búa á Íslandi. Mér hefur gengið vel að aðlagast landinu eftir langa búsetu erlendis. Maður býr alltaf að vinum og góðu tengslaneti hér heima,“ segir hún.

Spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart innan tónlistarheimsins, hérlendis og erlendis segir hún svo ekki vera. „Ég hef lært að það gerir enginn neitt fyrir mann og það fer ekki minni vinna í það sem ég kalla skrifstofuvinnuna og tónlistarsköpunina. Það er enginn með eins mikið hjarta í þessu og maður sjálfur,“ segir María.

## Persónulegar lagasmíðar

Hún hefur einbeitt sér að tónsmíðum og seint á síðasta ári kom út platan Sinking Island sem hefur verið vel tekið. Lagasmíðarnar eru mjög persónulegar en María gekk í gegnum sambandsslit þegar fyrrverandi maður hennar kom út sem trans kona.

„Sú reynsla hafði gífurlega mikil áhrif á mig, bæði sem persónu og listamann, enda lífsreynsla sem fáir reyna. Ég vona að aukin umræða um kynvitund og meðvitund í samfélaginu verði til þess að fólk átti sig fyrr á því að það er trans. Þarna var minn fyrrverandi búinn að bæla þetta niður alla sína ævi og aldrei tekist á við þessar tilfinningar. Það var erfitt að ganga í gegnum þetta með honum, þegar hann áttaði sig á að hann gæti ekki lifað í þessum feluleik lengur. Við vorum búin að vera saman í sex ár þegar þetta gerðist. Hún er sátt eigin skinni í dag og það er það sem skiptir öllu máli og þetta varð að gerast. Ég upplifði þessa reynslu ekki sem svik. Þetta var ekki blekking heldur eitthvað sem kom fram á þessum tíma en ég vildi að hún hefði áttað sig á þessu fyrr. Okkar samband var yndislegt og gaf mér mjög mikið en okkar rómantíska samband endaði. Ég vil trúa því að maður eigi að reyna að gráta fortíðina sem minnst og vera þakklátur fyrir lífið,“ segir María, sem er byrjuð að semja nýtt efni.

„Það er meiri hamingja og stuð í þeim lagasmíðum. Ég kenni líka söng og tónsmíðar við FÍH og einnig við MÍT, Menntaskóla í tónlist. Það var mikill heiður að verða útnefnd bæjarlistamaður Garðabæjar í ár og mikil viðurkenning fyrir mig persónulega. Ég er ekki í tónlist út af peningum heldur af sköpunarþörf. Sú gleði sem ég fæ út úr því að standa á sviði og flytja tónlist er ómetanleg,“ segir María og lítur björtum augum til framtíðar.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



Sérfræðingur frá Jensen verður hjá okkur
á föstudag og laugardag, 1. og 2. júní.
Fáðu aðstoð við að velja rúmið sem hentar þér.
**10% afsláttur af öllum pöntunum.***

**Sérfræðingur í heimsókn**

Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN

**www.jensen-beds.com**

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan /Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

epal



# Út að hlaupa í skólanum

**Daglega mílan kallast aðferð til að koma aukinni hreyfingu inn í skólakerfið sem skoskur kennari þróaði þegar hún gerði sér grein fyrir að nemendur hennar höfðu varla þol fyrir venjulega upphitun í leikfimi. Fjöldi skóla um allan heim hefur tekið upp aðferðina sem er einföld og skilar árangri.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Elaine Wyllie var yfirkennari í stórum grunnskóla í Skotlandi og fann fyrir vaxandi áhyggjum af líkamlegu og andlegu ástandi nemenda þegar hún fékk veður af því að jafnvel einföld upphitun fyrir vikulegan leikfimitíma gerði þá alveg uppgefna. Hún ákvað að gera eitthvað í málunum og fékk hugmynd sem hún kallaði daglegu míluna (The Daily Mile) í febrúar 2012.

Markmiðið Daglegu mílunnar var og er að fá börn til að hreyfa sig til að bæta heilsu þeirra og líðan og Elaine Wyllie ákvað að gera tilraun. Börnin í skólanum voru send út á skólalóð á miðjum skóladegi og sagt að hlaupa í korter. Þau máttu ráða hvert þau hlupu og hversu hratt, það var í lagi að labba eða skokka hluta leiðarinnar, eina skilyrðið var að þau væru á hreyfingu þetta korter. Daglega mílan fékk það nafn einfaldlega vegna þess að það var um það bil sú vegalengd sem áætlað var að meðalbarn myndi hlaupa á fimmtán mínútum en engar mælingar voru gerðar á því hversu langt var hlaupið eða hversu hratt, aðeins farið fram á að þau væru á hreyfingu í tilsettan tíma. Eftir korterið var krökkunum svo smalað inn í skólann og kennslan hélt áfram. Daglega mílan byrjaði sem tilraunaverkefni í mánuð og niðurstöðurnar voru magnaðar. Mörg barnanna gáfust upp fyrstu dagana, fannst leiðinlegt og tilgangslaust að hlaupa bara eitthvað út buskann en eftir mánuðinn voru allir krakkarnir farnir að hlakka til þess að komast út að hlaupa með félögum sínum og flest þeirra farin að ráða við að vera á hlaupum mest allan tímann. Í september var allur skólinn farinn út að hlaupa, ganga eða skokka í korter á hverjum degi og foreldrar og kennarar tóku eftir bættri einbeitingu, betri líðan og hegðun og meiri gleði í fari barnanna auk þess sem almennar heilsufarsmælingar hjá skólahjúkrunarfræðingi sýndu jákvæðar niðurstöður.

Í dag hefur Elaine Wyllie hætt störfum við skólann og einbeitir sér nú að innleiðingu Daglegu mílunnar í sem flesta skóla í Bretlandi og víðar sem stjórnarformaður samnefndra samtaka en markmið þeirra er að ráðast gegn vanheilsu barna, bæði líkamlegri, andlegri og tilfinningalegri með þessari einföldu en áhrifaríku aðferð. Daglega mílan hefur náð fótfestu víðar og í dag eru meira en 4.200 skólar í Bretlandi þátttakendur auk þess sem aðferðin hefur náð fótfestu í Frakklandi, Hollandi, Póllandi og Bandaríkjunum svo dæmi séu tekin. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur hvatt skóla í Bretlandi til að taka upp Daglegu míluna og Elaine Wyllie var kjörin kennari ársins 2015 í Bretlandi. Hún sagði við það tilefni: „Lykilatriðið er að flækja málin ekki of mikið. Við förum út að hreyfa okkur og förum svo aftur í tíma og höldum áfram með daginn. Og það geta allir verið með. Líka nemendur með skerta hreyfifærni, þeir taka þátt á sínum forsendum.“

Leiðarljós Daglegu mílunnar eru eftirfarandi og eiga lykilþátt í þeim árangri sem hún skilar:


Íslenskir krakkar fara út í frímínútur tvisvar á dag hvernig sem viðrar.


Að hlaupa saman í korter á miðjum skóladegi eflir skólabrag að mati Wyllie.

**»Lykilatriðið er að flækja málin ekki of mikið. Við förum út að hreyfa okkur og förum svo aftur í tíma og höldum áfram með daginn. Og það geta allir verið með.**

Aðferðin er ókeypis og mjög auðveld í framkvæmd svo hvorki þarf að þjálfa starfsfólk né kaupa búnað til að koma henni í gagnið heldur er nóg að byrja bara.

Daglega mílan tekur aðeins fimmtán mínútur og mílan sem vegalengd er aðeins viðmið en ekki markmið.

Börnin hlaupa úti og veðrið þarf næstum aldrei að vera fyrirstaða nema það sé beinlínis hættulegt að vera úti einhverja daga.

Það þarf ekki að setja upp búnað á undan né taka saman eftir á.

Kennarar þurfa ekki aukaþjálfun til að innleiða aðferðina.

Börnin hlaupa í skólafötunum og þurfa því ekki að eyða tíma í að skipta um föt, hvað þá burðast með þau með sér í skólann.

Hlaupin eru skemmtileg og engin keppni eða tímataka. Hluti af gamninu sem börnin lýsa felst í því að eiga samverustund með félögum sínum.

Börnin koma endurnærð inn í kennslustund og fylgjast mun betur með.

Hreyfingin eykur heilbrigði og bætir líðan og gerir börn meðvitaðri um að huga að heilsu sinni.

Öll börn geta tekið þátt, óháð aldri, færni eða félagslegri aðstöðu.

Daglega mílan fer sigurför um heiminn enda einföld aðferð til að bæta, hressa og kæta. Þar sem öll íslensk börn eru send út í margar frímínútur dag hvern í öllum veðrum er ekkert endilega víst að þessi aðferð henti okkur hér um slóðir en mögulega má ætla að aldrei sé of mikið framboð af skemmtilegri hreyfingu undir jákvæðum formerkjum.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vefsíðunni thedailymile.co.uk.

Þann 14. júní n.k. mun stórglæsilegt sérblað um HM í knattspyrnu fylgja Fréttablaðinu.

ÁFRAM ÍSLAND

Blaðið kemur út sama dag og flautað er til leiks á mótinu.
Fyrsti leikur Íslands er tveim dögum síðar, gegn ljón sterku liði Argentínu.

Í blaðinu er að finna eitthvað fyrir alla. Gallharðir fótboltaáhugamenn fá sinn skammt af áhugaverðum viðtölum og fróðleik. Auk þess er slegið á léttari strengi fyrir þá sem hafa almennt minni áhuga á boltanum en eru að sjálfsögðu gallharðir stuðningsmenn íslenska liðsins. Í blaðinu verður einnig að finna stórt leikjadagatal sem auðvelt er að kippa út úr blaðinu og færa inn úrslit leikja jafnóðum á meðan á mótinu stendur.






Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar í síma 512 5402 eða með því að senda póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Félagsstofnun stúdenta í 50 ár

FÖSTUDAGUR 1. JÚNÍ 2018



Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, var einn af upphafsmönnum FS, þá sjálfur laganemi við háskólann. Hér er hann ásamt Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra FS í miðið, og Elísabetu Brynjarsdóttur, nýkjörnum forseta Stúdentaráðs. Þau fagna fimmtíu farsælum árum FS. MYND/EYÞÓR

# Húsnæðismálin brenna enn á stúdentum

Framhald á síðu 6-7



Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS. MYND/STEFÁN

# FS í hálfa öld

Í dag, 1. júní 2018, eru 50 ár síðan metnaðarfullir hugsjónamenn úr röðum stúdenta og Háskóla Íslands, tóku höndum saman og leiddu stofnun Félagsstofnunar stúdenta, nýs fyrirtækis í eigu stúdenta. Þar voru fremstir í flokki þeir Björn Bjarnason, þáverandi lagastúdent og síðar ráðherra, og Ármann Snævarr háskólarektor. Þeir sáu að uppbygging stúdentasamfélags yrði að standa fyrir utan hina daglegu stúdentapólitík. Þeir vissu að hugmyndin um góð grundvallarlífskjör stúdenta fælist í öruggu og ódýru húsnæði sem og aðgengi að stuðningsþjónustu; leikskólum, mat og bókum á hagkvæmum kjörum. Þeir höfðu rétt fyrir sér og hafa enn 50 árum síðar.

Í hálfa öld hefur FS, eins og fyrirtækið kallast, starfað undir þeim einu formerkjum að vera í þágu stúdenta. Friður hefur ríkt um reksturinn, enda án fjárhagslegs stuðnings frá hinu opinbera. Við höfum verið nýjungagjörn og hugmyndarík í gegnum tíðina, leitað allra leiða til að gera alltaf betur og á hagkvæmari hátt. Þetta er daglegt verkefni. Við erum stolt af að hafa aldrei hvikað frá grundvallarstefnu FS um að efla lífskjör og félagsleg úrræði fyrir stúdenta.

> Í hálfa öld hefur FS, eins og fyrirtækið kallast, starfað undir þeim einu formerkjum að vera í þágu stúdenta. Friður hefur ríkt um fyrirtækið, enda án alls fjárhagslegs stuðnings frá hinu opinbera.
>
> **Guðrún Björnsdóttir**

Það eru mikil forréttindi fyrir mig að hafa fengið að starfa í nær 20 ár að svo göfugu verkefni. Ég og annað starfsfólk FS óskum öllum stúdentum, fyrrverandi, núverandi og verðandi, innilega til hamingju með stórafmælið. FS, fyrirtæki stúdenta er fyrirmynd til framtíðar.

***Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS***

# Torgið er hjarta háskólans

## Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var virk í stúdentapólitík Röskvu á háskólaárum sínum. Hún sat í stúdentaráði og háskólaráði á árunum 1998-2000. Auk þess var hún ritstjóri Stúdentablaðsins og FS blaðsins.

Katrín segist minnast háskólaáranna með mikilli ánægju. „Þetta var skemmtilegur tími. Mig minnir að ég hafi ritstýrt FS blaðinu þrisvar. Ég var orðin mikill sérfræðingur í félagsmálum stúdenta á þessum tíma," rifjar hún upp. „Mér þótti gríðarlega gaman að vera í háskólanámi og ekki síður að taka þátt í stúdentapólitíkinni. Ég ætlaði ekki beinlínis þessa leið en hún var afar lærdómsrík. Ég sat í háskólaráði, meðal annars með Katrínu Júlíusdóttur og Páli Skúlasyni sem þá var háskólarektor. Ég lærði margt sem hefur nýst mér síðar."

Þegar Katrín er spurð um pólitíkina í skólanum svarar hún. „Þetta var mjög aðgerðadrifin pólitík. Ég man þegar við knúðum fram og börðumst fyrir lengdum afgreiðslutíma Þjóðarbókhlöðunnar. Á þeim tíma lokaði klukkan fimm á daginn en við vildum að opið yrði til kl. 22. Breytingin kostaði auðvitað fjármuni. Við fengum þetta ekki í gegn með hefðbundnum aðferðum þannig að stúdentar fóru í setuverkfall. Það var nokkuð óvænt aðgerð því allt í einu streymdi að fólk á safnið sem nýtti sér Bókhlöðuna lítið sem ekkert. Við mættum klukkan fimm, sátum til tíu og fórum hvergi. Það varð til þess að auknu fjármagni var veitt í þetta verkefni og afgreiðslutíminn lengdur til tíu og þannig hefur það verið síðan," útskýrir Katrín og má segja að stúdentar hafi unnið sitt stríð þarna. „Þetta var magnaður og hressandi tími. Það voru sömuleiðis harðar umræður á þessum árum um hvort setja ætti skólagjöld í Háskóla Íslands og var hart tekist á í háskólaráði. Það varð ekki úr því. Maður var því stöðið í hringiðu viðburða," bætir hún við.

Á sama tíma stóðu stúdentar fyrir setuverkfalli í menntamálaráðuneytinu vegna lánamála hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Síðar meir þegar Katrín var ráðherra menntamála var slíkt setuverkfall vegna annarra mála. „Ég hugsaði um það hvort ég væri að mæta eftirmanni mínum þarna í anddyrinu á meðal nemenda," segir hún.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Katrín var alla tíð virk í félagsmálum á námsárunum, fyrst í framhaldsskóla og síðan háskólanum. „Ég fann nú ekkert sérstaklega mikið fyrir því að félagsstörf tækju tíma frá náminu enda var ég mjög ástríðufull fyrir námi mínu í íslensku."

Þegar Katrín er spurð hvernig henni finnist Félagsstofnun stúdenta hafa þróast, svarar hún. „FS kemur víða við sögu í lífi stúdenta. Það sem mér finnst svo frábært er að stofnunin er ekki hagnaðardrifin. Hún skiptir til dæmis miklu máli fyrir stúdenta sem búa á stúdentagörðum. FS hefur staðið sig einstaklega vel í uppbyggingu stúdentagarða og leikskóla sem er gríðarlega mikilvægt samfélagsstarf. FS er þýðingarmikil fyrir Háskóla Íslands, stofnun sem eingöngu er rekin með tilliti til þarfa stúdenta," segir Katrín og bætir við að hún noti Bóksölu stúdenta mikið í dag enda sé hún hverfisbókaverslunin hennar.

„Ég er mikill aðdáandi verslunarinnar. Háskólatorg var mikið baráttumál Röskvu á mínum tíma í skólanum. Við kölluðum það hjarta háskólans. Núna er þetta allt gjörbreytt, veitingasalan og torgið bjóða upp á miklu meiri samgang kennara og nemanda. Það er frábært að hafa allt á sama stað. Mér finnst notalegt að koma á háskólatorgið og hef bæði fengið mér kaffi í veitingasölunni og borðað í Stúdentakjallaranum en þar eru vinsælustu hamborgararnir hjá sonum mínum. Þarna er gaman að koma."

# Líflegt samfélag á Gamla Garði

## Á Stúdentagörðum er líflegt og skemmtilegt samfélag háskólanema og fjölskyldna þeirra. Garðarnir er af ýmsum stærðum og gerðum og sniðnir að þörfum íbúa. Gamli garður er einn þeirra.

Upp úr 1930 varð ljóst að líklegasta byggingarland Háskólans væri á núverandi lóð skólans og fyrsta byggingin sem reis þar var Gamli Garður. Hann var teiknaður fyrir stúdenta af Sigurði Guðmundssyni húsameistara. Garðurinn var tekinn í notkun 1934. Með tilkomu Gamla Garðs breyttist hagur stúdenta mjög, en auk herbergjanna var þar samkomusalur og mötuneyti.

Þegar breska hernámsliðið gekk hér á land í heimsstyrjöldinni síðari, var Gamli Garður meðal þeirra bygginga sem herinn lagði undir sig og notaði sem hersjúkrahús. Háskólayfirvöld og stúdentar mótmæltu og báðu um að húsinu yrði skilað en allt kom fyrir ekki.

> **Hernám Gamla Garðs flýtti fyrir byggingu Nýja Garðs.**

Ófremdarástand skapaðist í aðalbyggingu H.Í. þar sem fjöldi stúdenta hírðist við slæmar aðstæður.

Hernám Gamla Garðs varð til þess að flýta fyrir ákvörðun um byggingu nýs Garðs og árið 1943 var Nýi Garður vígður. Gamli Garður var ekki afhentur aftur fyrr en eftir stríð. Í dag er Gamli Garður stúdentagarður með einstaklingsherbergjum, sameiginlegu eldhúsi, baðherbergjum , setustofum og lestraraðstöðu. Á sumrin er þarna rekið vinsælt farfuglaheimili.




Gamli garður var tekinn í notkun árið 1934. Þar eru nú einstaklingsherbergi.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is

# FS mikilvæg fyrir stúdenta

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sat á námsárunum í stjórn Félagsstofnunar stúdenta auk þess að eiga sæti í Stúdentaráði. Þá var hann öflugur í stúdentapólitíkinni fyrir Röskvu.**

Dagur segir að háskólaárin hafi ekki eingöngu verið lærdómsrík því hann hafi kynnst mörgu frábæru fólki sem hann heldur enn góðu sambandi við. Dagur lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1999. „Námsárin voru gríðarlega skemmtileg. Bæði var ég í áhugaverðu námi og svo kynntist ég stórum hópi fólks sem hefur verið næring og vinátta síðan. Ég eignaðist marga góða vini í læknisfræðinni og í heimspeki, en ég tók nokkra áfangi í henni, og svo auðvitað í stúdentapólitíkinni. Í háskólanum eignast maður vini fyrir lífstíð,“ segir hann. Dagur var virkur í Röskvu á háskólaárunum og formaður stúdentaráðs í eitt ár frá 1994-1995.

> **Núna er verið að byggja stærsta stúdentagarð landsins með 244 íbúðum sem er gíðarlega mikilvægt mál.**

„Það var oft tekist á í stúdentapólitíkinni á þessum tíma. Við sem vorum í þessu ati á námsárunum getum hlegið núna að ýmsum deilum sem upp komu. Talsvert var tekist á um það sem við kölluðum hjarta háskólans. Við töldum að það þyrfti að sameina háskólasvæðið og búa til hjarta. Í rauninni er málið náskylt hugmyndinni


Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

sem kom síðar um Háskólatorg. Ýmsum fræjum er plantað í stúdentapólitík sem verða síðar að veruleika. Ég hef oft komið á nýja Háskólatorgið, ekki síst í farsælu samstarfi mínu við FS í tengslum við uppbyggingu stúdentagarða. Við í borgarstjórn höfum barist með stúdentum fyrir fjölmörgum málum. Núna er verið að byggja stærsta stúdentagarð landsins með 244 íbúðum sem er gríðarlega mikilvægt mál. Þá sjáum við fyrir okkur að nýir Garðar rísi á túninu við Gamla Garð. Sömuleiðis í Skerjafirði sem er nýtt uppbyggingasvæði sem er að fara í gang hjá Reykjavíkurborg,“ útskýrir Dagur. „Það er mikið metnaðarmál hjá mér að fjölga stúdentaíbúðum því það er nauðsynlegt fyrir leigumarkaðinn í heild sinni auk þess sem það er gott fyrir samfélagið. Ef fólk getur gengið eða hjólað í háskólann fækkar bílum á götum borgarinnar.

Félagsstofnun stúdenta vinnur gríðarlega mikilvægt starf í þágu stúdenta og ég vil nota tækifærið og óska henni til hamingju með afmælið,“ segir borgarstjóri.


Unnsteinn Manuel Stefánsson. MYND/ANTON BRINK

# Rífandi stemning í kjallaranum

**Unnsteinn Manuel Stefánsson segir Stúdentakjallarann góðan tónleikastað sem geymi gott félagslíf.**

Eftir að Stúdentakjallarinn var opnaður 2013 hefur mér fundist Háskóli Íslands verða meira eins og alvöru háskólar í útlöndum,“ segir tónlistarmaðurinn Unnsteinn Manuel Stefánsson sem á árum áður spilaði oft og iðulega með Retro Stefson á stúdentahátíðum og stúdentaböllum á Norðurlöndunum.

„Þar minnti stemningin meira á félagslíf íslenskra menntaskóla en íslenskra háskóla. Utan frá virðist félagslíf háskólastúdenta nefnilega snúast að mestu um stúdentapólitík og minna ber á hefðbundnu félagslífi ungs fólks. Því var svo gaman þegar Stúdentakjallarinn var opnaður með tilheyrandi tónleikahaldi, stúdentabar og huggulegri aðstöðu þar sem stúdentar geta slakað á fjarri námsbókunum eftir skóla,“ segir Unnsteinn sem bæði hefur sótt tónleika og spilað sjálfur á tónleikum í Stúdentakjallaranum.

„Það er mjög gaman að spila í Stúdentakjallaranum. Reykvíkingar eru gjarnir á að mæta tveimur tímum of seint á tónleika en í Stúdentakjallaranum mætir fólk á réttum tíma og það er rífandi stemning. Mér finnst kjallarinn líka góð tilraunastofa til að búa til pöbbastemningu án þess að það fari út í grimmt djamm. Háskólinn mætti því sýna meira af þessari hlið félagslífsins því það munu ekki allir stúdentar tengjast Röskvu og Vöku í pólitíkinni. Það er mikilvægt, því án góðs félagslífs á háskólaárunum getur maður allt eins verið í bréfaskóla eða í fjarnámi,“ segir Unnsteinn, sem prófað hefur þrjár námsleiðir í Háskólanum en segist ekki á leið í háskólanám í bráð.

„En ef það væri meira í boði af fjarnámi gæti ég vel hugsað mér frekara nám og þá mundi ég alltaf læra í Stúdentakjallaranum.“

# Stúdentakjallarinn er falin perla

**FS rekur Stúdentakjallarann sem er veitinga- og skemmtistaður í kjallara Háskólatorgs. Hann var fyrst stofnaður 1975 og átti sitt blómaskeið þangað til börum og kaffihúsum fjölgaði í miðbænum. Stúdentakjallarinn var endurvakinn árið 2013.**


Sólveig við barinn í Stúdentakjallaranum.

Stúdentakjallarinn lagðist í dvala þegar öll starfsemi FS fluttist yfir í nýtt Háskólatorg árið 2007. Þá komu stúdentar með þá hugmynd að endurvekja Stúdentakjallarann. Nýr og endurbættur Stúdentakjallari var opnaður snemma árið 2013. Lögð hefur verið áhersla á góða aðstöðu fyrir alls kyns viðburði og tónleika. Eldhús og bar er opið frá morgni til kvölds alla daga vikunnar með fjölbreyttu úrvali af mat og drykkjum á afar hagstæðu verði. Stúdentakjallarinn er opinn öllum gestum og gangandi.

Sólveig Sigurjóna Gísladóttir, nemandi í Háskóla Íslands, býr á stúdentagörðum og starfar meðfram námi sínu í Stúdentakjallaranum. Sólveig útskrifast í vor í ferðamálafræði með viðskiptafræði sem aukagrein. Hún stefnir á áframhaldandi nám. Sólveig segir að mikil eftirspurn sé hjá nemendum að fá vinnu í Stúdentakjallaranum með skólanum. „Ég er búin að vinna í Stúdentakjallaranum í tvö ár og líkar mjög vel. Það er gott fólk sem vinnur þarna og margir fastagestir. Maður sér alls konar fólki bregða fyrir, gamla nemendur og prófessora í bland við núverandi nemendur og kennara, Vesturbæinga og aðra landsmenn. Það er alltaf eitthvað um að vera í Stúdentakjallaranum, meðal annars bingó, tónleikar og um daginn vorum við með skrafl auk þess sem við sýnum knattspyrnuleiki,“ segir hún. „Margir koma til að fá sér góðan og ódýran mat. Við erum með frábæra aðstöðu fyrir börn og stemmingin er heimilisleg. Boðið er upp á fjölbreyttan matseðil, til dæmis er mikið úrval af vegan réttum. Stúdentakjallarinn er falin perla,“ segir Sólveig.

# Gamlir nemendur vilja fá knús

**Ágústa Sigurjónsdóttir stendur vaktina á kaffistofunni í Eirbergi. Hún hefur tengst mörgum nemendum vinaböndum og segir starfið bókstaflega halda í sér lífinu.**

Ágústa er mörgum að góðu kunn en í rúm þrjátíu ár hefur hún séð um kaffistofuna í Eirbergi, þar sem hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands er til húsa. „Vissulega getur verið handagangur í öskjunni þegar þrjú til fjögur hundruð nemendur eru í húsinu og einmitt þess vegna er þetta starf svo skemmtilegt og fjölbreytt,“ segir Ágústa glöð í bragði og bætir við að hún hafi vissulega tengst mörgum nemendum vinaböndum. „Eitt það besta við starfið er að kynnast öllu þessu unga fólki. Mér er sérlega minnistætt að fyrir um 10-15 árum voru tvær stúlkur í hjúkrunarfræðinni sem þótti gott að heita á mig áður en þær fóru í próf. „Æ, það klikkar aldrei,“ sögðu þær og færðu mér svo blóm þegar þær fengu einkunnirnar sínar. Gamlir nemendur, sem eru komnir út í atvinnulífið, koma oft við á kaffistofunni að heilsa upp á mig og vilja fá knús,“ segir hún og greinilegt er að henni þykir vænt um þessar heimsóknir. „Curator, félag hjúkrunarfræðinema, hefur boðið okkur hjónum á allar árshátíðir hjá sér og ég hef oftast tekið þátt í árshátíðarmyndböndum með einhverjum skemmtilegheitum,“ segir Ágústa sem er gift Andrési Fr. G. Andréssyni.



Ágústa hefur allan sinn starfsferil unnið hjá FS. MYND/SIGTRYGGUR ARI

### Var heimavinnandi

Ágústa hóf störf hjá FS árið 1985. „Systir mín heitin vann á kaffistofu í aðalbyggingu HÍ. Ég hafði ekkert unnið úti heldur sinnt barnauppeldi og heimilisstörfum. Strákarnir mínir voru orðnir stálpaðir þannig að mig langaði til að fara út á vinnumarkaðinn. Hún sagði að það vantaði örugglega gott fólk til starfa og hvatti mig til að sækja um, sem ég og gerði. Ég byrjaði að vinna hjá matsölu FS við Hringbraut. Þar til húsa var einnig Bóksala stúdenta og Ferðaskrifstofa stúdenta. Matstofan var lögð niður ári eftir að ég hóf störf og í staðinn voru opnaðar kaffistofur á háskólasvæðinu. Mér bauðst vinna í Eirbergi, ákvað að slá til og hef verið hér síðan 1986. Ég er náttúrlega orðin fullorðin en það eru forréttindi að fá að vinna þegar maður er heilsuhraustur. Það er mjög gott að vinna hjá FS og vinnan heldur í mér lífinu,“ segir Ágústa ákveðnum rómi og heldur áfram: „Svo hef ég alltaf verið ánægð með hvað ég fæ gott sumarfrí. Ég fer í frí um leið og prófin eru búin og byrja svo aftur að vinna þegar hallar að hausti. Ég gæti ekki hugsað mér að vinna yfir sumarið. Þetta eru ákveðin forréttindi sem ég kann vel að meta.“

Spurð hvort hún rekist oft á fyrrverandi nemendur fyrir utan vinnuna segir hún að svo sé. „Já, heldur betur. Eitt sinn varð ég að fara á slysavarðsstofuna eftir að hafa fengið kökubakka úr stáli á tána. Mér var tekið með kostum og kynjum. Ein hjúkrunarkonan sagði að það væri svo gaman að sjá mig að hún vonaðist til að hitta mig sem fyrst aftur. En svo áttaði hún sig á hvar við vorum og bætti við í flýti: En ekki hér,“ rifjar Ágústa brosandi upp.

Hún segir að vissulega sé farið að síga á seinni hlutann á starfsferlinum en hún hafi lofað að standa vaktina fram að áramótum. „Kannski verður þetta síðasti veturinn minn í Eirbergi. Ég hefði ekki enst svona lengi í starfi ef vinnan hefði ekki verið eins skemmtileg og raun ber vitni.“

# Í meira en fjóra áratugi hjá FS

**Hafdís Ólafsdóttir hefur unnið lengur hjá Félagsstofnun stúdenta en nokkur annar, eða í 41 ár. Henni finnst vinnan gefandi og er ekkert á þeim buxunum að hætta.**

Mér hefur alltaf þótt gaman í vinnunni og aldrei leiðst allan þennan tíma. Ég vinn með svo skemmtilegu fólki og við gerum margt saman okkur til ánægju,“ segir Hafdís sem hefur unnið hjá FS frá árinu 1977.

Þegar Hafdís er spurð hvernig það hafi komið til að hún fór að vinna hjá Félagstofnun stúdenta á sínum tíma segir hún að maðurinn, Reynir Guðjónsson, sinn hafi unnið þar sem kokkur og það hafi bráðvantað aðstoð. „Ég ákvað að hlaupa undir bagga og hér er ég enn. Ég var í barnsburðarleyfi og vann þar á undan á skrifstofu,“ rifjar hún upp.

Hafdís segir vinnudaginn fjölbreyttan og fljótan að líða, enda hafi hún í mörg horn að líta. „Ég byrja á því að taka til allar vörur og veitingar fyrir kaffistofur Hámu sem eru staðsettar víða um háskólasvæðið. Stærsta veitingasalan er á Háskólastorginu og þar hef ég unnið frá því að Háma var opnuð þar í desember 2007 en áður var ég úti á Hringbraut. Ég tek á móti vörum utan úr bæ, panta vörur og fæ símtöl frá kaffistofunum vegna pantana fyrir næsta dag,“ segir Hafdís þegar hún er beðin um að lýsa dæmigerðum vinnudegi. „Ég hef aldrei verið í afgreiðslu heldur meira á bak við tjöldin,“ segir hún kankvís og hlær þegar hún er spurð hvort þessi langi starfsferill sé ekki ígildi nokkurra háskólagráða. „Jú, að minnsta kosti fimm,“ segir hún.




Hafdís segir vinnudaginn fjölbreyttan og skemmtilegan. MYND/ERNIR

### Litríkur hópur nemenda

Nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað mikið á þessum tíma. „Nemendur eru orðnir miklu fleiri en áður var og þetta er litríkur hópur fólks á öllum aldri. Mér finnst nemendur frekar vera að yngjast heldur en hitt en það er kannski vegna þess að ég hef elst,“ segir Hafdís.

En hvað skyldi henni finnast skemmtilegast við vinnuna? „Þetta nána samband við fólk. Hér er viss kjarni sem hefur unnið saman lengi og nær vel saman. Vinnan er gefandi og mér finnst gaman að hafa mikið að gera. Ég vinn í átta tíma á dag og þótt ég sé orðin sextíu og sjö ára gömul er ég alls ekki tilbúin til þess að hætta strax. Ég er hraust og mér líður vel í vinnunni. Vinnan er sveigjanleg og það er komið til móts við mann ef eitthvað er. Það finnst mér mikill kostur,“ segir hún.

Spurð hvort hún mun eftir skemmtilegu atviki segir Hafdís þau vera fjölmörg. „Mér er minnistætt að eitt sinn þegar erlendu stelpurnar sem vinna með mér voru að merkja salatdósir þá fóru í sölu margar dósir af kjúklingasalati sem voru merktar sem sjúklingasalat. Það vakti töluverða athygli og margir sem tóku mynd af því,“ segir Hafdís brosandi að lokum.

# Afmælisveisla út árið

Félagsstofnun stúdenta heldur upp á 50 ára afmælið með ýmsum hætti út allt afmælisárið. Í mars var öllum gestum og gangandi boðið upp á fimm metra kökufleka á Háskólatorgi þar sem 1100 kökubitar runnu ljúflega niður í gesti. Í apríl var hent upp frábærri pylsuveislu þar sem 800 pylsum var sporðrennt auk þess sem börn sem búa á Stúdentagörðum fengu páskaegg. Að auki, í tilefni af afmælinu, kostar bjórinn í Stúdentakjallaranum aðeins 50 kall síðasta mánudag hvers mánaðar og kaffibollinn á Kaffistofum stúdenta og í Hámu einnig 50 kall síðasta föstudag hvers mánaðar yfir skólaárið. Í haust mun FS halda áfram að halda upp á afmælið með ýmsum hætti með tónleikum, uppistandi og öðrum hátíðarhöldum á háskólasvæðinu.



Starsfólk FS bauð upp á pylsur á Háskólatorginu sem runnu ljúflega niður.



Frábær afmælisveisla sem stúdentar kunnu vel að meta. MYNDIR/STEFÁN

# Öryggið er mikils virði

**Laganeminn Lísbet Sigurðardóttir unir hag sínum vel á Stúdentagörðum. Þar hefur hún nostrað við krók og kima á sínu fyrsta heimili með útsjónarsemi og fögru auga.**



Í stúdíóíbúð Lísbetar er allt í einu rými; stofa, eldhús og svefnrými.

Heima er best. Og þannig á það að vera. Það er stóra markmiðið þegar maður flytur að heiman; að koma heim eftir langan dag og vilja hvergi annars staðar vera.“

Þetta segir Lísbet Sigurðardóttir, laganemi við Háskóla Íslands. Hún flutti úr foreldrahúsum í stúdíóíbúð á Stúdentagörðum við Eggertsgötu í lok fyrrasumars, þá 21 árs.

„Mér finnst það góður aldur til að flytja að heiman og skref í rétta átt að fullorðinsárunum. Stúdentagarðarnir heilluðu vegna þess að háskólinn er í göngufæri og ekki skemmdi fyrir að flestar vinkonur mínar búa á Görðunum,“ segir Lísbet, sæl á nýja, fallega heimilinu sínu.

„Auðvitað sakna ég stundum hótels mömmu en það er ekki langt að fara til hennar í Hlíðarnar. Mamma er dugleg að bjóða mér í mat og styðja við ungann sem er floginn úr hreiðrinu og auðvitað er söknuðurinn hjá henni gagnkvæmur,“ segir Lísbet og brosir.

Hún segir andrúmsloftið vera létt og skemmtilegt á Stúdentagörðunum.

„Stemmningin minnir á skandinavískt samfélag þar sem allir heilsast og eru vinalegir í samskiptum. Íbúarnir eru upp til hópa rólegheitafólk sem ber virðingu fyrir hvert öðru og mér kom einna mest á óvart hvað stúdentar hafa lítinn áhuga á að djamma. Hér drífur fólk sig snemma með sín partí í bæinn og sýnir hvert öðru virðingu. Svo eru líka fjölskylduíbúðir og leikskóli á svæðinu svo hér eru allir saman í sátt og samlyndi, börn og fullorðnir,“ segir Lísbet sem finnst notalegt að hafa leiksvæði leikskólans í bakgarðinum.

### Smæðin enn meira kósí

Lísbet býr í 37 fermetra stúdíóíbúð á Stúdentagörðunum, með sér baðherbergi og geymslu.

„Í fyrstu hafði ég áhyggjur af því að íbúðin væri of lítil en núna finnst mér hvergi betra að vera. Smæðin gerir allt svo huggulegt og enn meira kósí. Það kostar svo útsjónarsemi að búa smátt en mér



Lísbet Sigurðardóttir stefndi á nám í lögfræði frá unga aldri. Hún byrjar í meistaranáminu í haust. MYNDIR/EYÞÓR

hefur gengið vel að hugsa í lausnum og hver einasti hlutur sem tekinn er inn þarf að eiga sinn samastað og eiga rétt á sér. Þannig vil ég hafa það, ekki ofhlaðið en þó allt til alls fyrir venjulegt heimilishald og nýta hvern einasta fersentimetra vel í þessu takmarkaða plássi.“

Lísbet segist heldur ekki komast upp með annað en að búa um rúmið á hverjum morgni.

„Rúmið tekur mikið pláss af heildarrýminu og þá er mikilvægt að hafa röð og reglu á hlutunum. Ég er dugleg að fá innblástur þegar ég fer inn til annarra á Görðunum og sé hvað hægt er að gera enn betur til að nýta plássið sem best. Stúdentar hafa upp til hópa mjög góða tilfinningu fyrir því að gera fallegt og heimilislegt í kringum sig og eru sniðugir við að skreyta hjá sér þegar óheimilt er að negla í veggi Stúdentagarðanna.“

### Öruggur samastaður

Lísbet greiðir 60 þúsund krónur í húsaleigu fyrir íbúð sína á Stúdentagörðunum. Uppsett húsaleiga er 90 þúsund krónur en Lísbet fær 30 þúsund króna húsaleigubætur upp í leiguna.

„Það er vel sloppið fyrir íbúð á svo góðum stað. Öryggið finnst mér líka mikils virði; að geta verið með þessa íbúð þar til ég hef lokið námi og hafa ekki yfir höfði sér að vera hent út,“ segir Lísbet sem búið hefur sér fagran og hlýlegan samastað á Stúdentagörðunum.



Eldhúsið er fallegt og úthugsað hjá Lísbetu.



Lísbetu líður hvergi betur en í kósí vistarverunum heima.



Heimili Lísbetar er bjart og fallegt og öllu haganlega fyrir komið.

„Áður en ég flutti að heiman var ég aðeins byrjuð að safna mér í búið, en þurfti svo að kaupa mér eitt og annað. Fyrir þá sem eru að byrja að búa er sniðugt að nýta sér bland.is og Facebook-síður með notuðum heimilismunum til að kaupa sér vel með farna hluti á lítinn pening. Þar fann ég margt nytsamlegt í bland við nýtt sem ég gat keypt mér líka.“

Á Stúdentagörðum eru mismunandi deilisamfélög og Lísbet kann því vel að deila aðstöðu með öðrum.

„Við sem erum í einstaklingsíbúðum deilum hjólageymslu og þvottahúsi með öðrum og það gengur allt vel fyrir sig. Á Görðunum geta stúdentar líka leigt sér herbergi og þá deilt setustofu og eldhúsi með öðrum og það er enn hagkvæmari kostur og eðlilegur hluti af háskólasamfélaginu,“ útskýrir Lísbet sem er með eigin svalir út af íbúð sinni þar sem hún getur grillað og tekið á móti gestum.

„Það er mikill samgangur á milli okkar vinkvennanna á Görðunum og flestum kæmi á óvart hversu mörgum gestum ég kem fyrir í íbúðinni, því hingað hef ég fengið fimmtán manns í afmæli og bröns og vel farið um alla á yndislegum stað.“

# 600 nýjar stúdentaíbúðir



Gamli Garður var í raun fyrsti stúdentagarðurinn við Háskóla Íslands, en fyrsti stúdentagarðurinn sem reis á vegum Félagsstofnunar stúdenta (FS) voru Hjónagarðar við Sæmundargötu.

Byrjað var að byggja Hjónagarðana árið 1972 fyrir gjafafé sem safnaðist í minningu foreldra Björns Bjarnasonar og litla systursonar hans sem fórust í hörmulegu slysi á Þingvöllum 1970. Einnig kom opinbert fé að byggingunni og eitthvað lánsfé.

**» Hjónagarðar voru byggðir fyrir gjafafé sem safnaðist í minningu foreldra og systursonar Björns Bjarnasonar.**

Markmiðið með stúdentagörðum er að byggja eins nálægt skólanum og mögulegt er til að auðvelda göngu eða hjól í skólann og uppfylla þá þörf að geta boðið 15 prósent stúdenta húsnæði á vegum FS, eins og gert er á Norðurlöndunum. Í dag er þessi tala 10 prósent.

Í dag á FS, og hefur byggt, um 1.200 íbúðir og hyggur á byggingu 600 fleiri íbúða samkvæmt viljayfirlýsingu þess efnis. Deilihugsun er umlykjandi þegar kemur að endurnýjun stúdentagarða og byggingu nýs húsnæðis, bæði til að halda kostnaði niðri og til að sporna gegn félagslegri einangrun. Í nýjum stúdentagarði eru til að mynda tíu væn herbergi sem deila með sér stofu og eldhúsi í einni íbúð. Að auki eru þvottahús og salir í sameiginlegri notkun í öðrum húsum.

# Smærra húsnæði hentar fleirum en stúdentum

**Félagsstofnun stúdenta var stofnuð 1. júní 1968 og fagnar hálfrar aldar afmæli í dag. Það voru hugsjónamenn í Stúdentaráði Háskóla Íslands og þáverandi rektor HÍ sem lögðu upp í þá vegferð að koma FS á laggirnar, eins og fyrirtækið er jafnan kallað.**

Hugmyndafræðin sem lagt var upp með árið 1968 snerist um að stúdentar við háskólann gætu aflað sér góðrar menntunar og haft um leið öruggа búsetu án þess að hafa daglegar áhyggjur af afkomu sinni. FS er stórt fyrirtæki í dag með um 170 starfsmenn og veltir um þremur milljörðum á ári. FS byggir og rekur húsnæði fyrir stúdenta, þrjá leikskóla, bóksölu, kaffistofur og veitingahús á háskólasvæðinu.

Upphafleg hugmyndafræði er enn kjarninn í starfsemi Félagsstofnunar stúdenta. Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, var einn af upphafsmönnum FS, þá sjálfur laganemi við háskólann. Blaðamaður settist niður með Birni, Guðrúnu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra FS, og Elísabetu Brynjarsdóttur, nýkjörnum forseta Stúdentaráðs, og ræddi við þau um FS.

Björn var fyrst spurður hvernig hugmyndin um Félagsstofnun stúdenta hafi orðið til á sínum tíma?

„Það var litið að gerast í málefnum íslenskra stúdenta á þessum tíma. Það var oft skipt um forystu þeirra og pólitísk átök í gangi. Ekki náðist að koma verkefnum af stað eins og nýju félagsheimili en brýn þörf var á því á þessum tíma,“ segir Björn og bætir við að nauðsynlegt hafi þótt að draga grundvallarþarfir stúdenta út fyrir daglegt þras í stúdentapólitíkinni.

„Hugmyndin vaknaði af kynnum af stöðu stúdenta í Noregi. Ármann Snævarr háskólarektor (1960-1969) og ég þekktum vel til forystumanna Studentsamskipnaden þar í landi sem er rekið eins og FS. Við buðum forstjóranum, Kristian Ottesen og Tönnes Andenæs, forstjóra háskólaforlagsins í Ósló, til landsins haustið 1966. Eftir það tókum við höndum saman, forysta Stúdentaráðs og háskólarektor, um að fara svipaða leið og Norðmenn. Ég var þá varaformaður Stúdentaráðs, síðar formaður þannig að ég fylgdi málinu á í rúm tvö ár,“ útskýrir Björn.

„Þetta verkefni hefði aldrei gengið upp án þeirrar samstöðu sem var á meðal stúdenta, háskólans og hins opinbera og þetta var að gerast á meðan allt logaði í illdeilum í háskólum erlendis. Hér náðum við að fá alla í háskólanum til að standa með okkur, virkja stjórnmálamenn og fengum lög samþykkt um starfsemina sem voru stutt og hnitmiðuð. Á grundvelli þess var hægt að gera allt sem síðar hefur verið gert til að efla félagsleg úrræði fyrir stúdenta. Það var auðvitað erfitt að fá fyrirgreiðslu en tókst þó því við nutum mikils velvilja. Til að nefna einhver nöfn utan háskólans þá voru Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, og Stefán Hilmarsson, þáverandi bankastjóri, báðir haukar í horni á þessum tíma. Menn fóru í verkefnið til að það gengi upp en ekki til að slá einhverjar pólitískar keilur, enda verkefnið yfir það hafið.“

### Hjónagarðar reistir fyrir minningarfé

Hjónagarðar við Sæmundargötu



Háskólatorgið er glæsileg bygging þar sem er frábær veitingaaðstaða, Bóksala stúdenta auk skrifstofa á efri hæð þar sem FS er til húsa meðal annarra.

> **Verkefnið hefði aldrei gengið upp án samstöðu sem var á meðal stúdenta, háskólans og hins opinbera og þetta var að gerast á meðan allt logaði í illdeilum í háskólum erlendis.**

fóru í byggingu árið 1972. Hvernig gátu stúdentar fjármagnað svo risavaxið verkefni?

„Það réði úrslitum að það var alltaf velvilji hjá öllum aðilum að FS myndi ráðast í þetta mikilvæga verkefni,“ svarar Björn. „Foreldrar mínir og systursonur létust í hörmulegu slysi á Þingvöllum 1970 og ýmsir veltu fyrir sér hvernig hægt væri að minnast þeirra. Þar sem ég vann að málefnum FS á þessum tíma ákvað ég að nefna við áhugasama að gefa fé í Hjónagarðana í þeirra minningu. Það safnaðist talsvert af fjármunum og þannig voru Hjónagarðarnir fjármagnaðir með minningarfé, auk opinbers stuðnings og því sem hægt var að fá að láni.“

Björn segir afar ánægjulegt að sjá hvernig starfið hefur þróast í öll þessi ár. Stofnun FS hafi verið með því lærdómsríkasta og ánægjulegasta sem hann hafi sinnt á opinberum vettvangi og nýst sér vel sem stjórnmálamanni og þátttakanda í umræðum og stefnumótun um þjóðfélagsmál.



Í seinni heimsstyrjöldinni tóku breskir hermenn Gamla Garð yfir.



Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut eins og hún leit út á árum áður.

### Fleiri íbúðir á teikniborðinu

Félagslegt úrræði fyrir stúdenta er leiðarstef FS, enda gefur nafnið það til kynna. Húsnæðismál stúdenta hafa ávallt vegið þyngst í starfi FS. Í dag á FS og rekur 1.200 íbúðaeiningar og fleiri eru í deiglunni hjá fyrirtækinu.

„Gerð hefur verið viljayfirlýsing um að reisa 600 leigueiningar í viðbót við þessar 1.200 sem fyrir eru en það gengur hægt að fá lóðir,“ segir Guðrún. „Við viljum geta þjónað að minnsta kosti 15% stúdenta eins og gert er að lágmarki annars staðar á Norðurlöndunum, núna eru það einungis 10%. Stúdentar vilja geta gengið eða hjólað í skólann og vinnuradíusinn því í miðborginni. Húsnæðismarkaðurinn er alltaf dýr þrátt fyrir að nýjar íbúðir séu að koma upp. Þess vegna höldum við áfram að byggja og reyna að vinna betur fyrir okkar hóp eftir fremsta megni. Það stendur ekki á okkur að byggja, við þurfum hins vegar fleiri lóðir og þurfum að treysta á vilja borgaryfirvalda og háskólans að finna þær,“ bætir hún við.

### Þarft stúdentasamfélag

Elísabet, forseti Stúdentaráðs, segir að halda verði á lofti hugsjóninni um stúdentasamfélag og að stúdentaíbúðir séu þar mikilvægur hluti. „Það er rétt að krafa stúdenta er að stúdentaíbúðir rísi á lóðum í nágrenni háskólans þannig að hægt sé að ganga eða hjóla þangað. Fyrir þessu eru bæði umhverfissjónarmið og háskólasamfélagsleg sjónarmið. Að okkar mati er allt undir þegar kemur að fleiri lóðum í nágrenninu; Gamli Garður, Dunhagi og fleiri lóðir – jafnvel stóra malarplanið fyrir neðan háskólann,“ segir Elísabet.

Aðspurð hvort fókusinn hafi breyst í baráttu stúdenta í áranna rás viðurkennir Elísabet að svo geti verið. „Nú eru lánasjóðsmálin



Elísabet, Björn og Guðrún ræða málin. Rifja upp gamla tíma og nýja. MYND/EYÞÓR



Gamli Garður er virðuleg bygging við Hringbrautina.



Það er ósk starfsmanna FS að fjölga stúdentaíbúðum á næstunni. Viðræður um þær byggingar hafa farið fram.



Nýleg bygging stúdentaíbúða í Vatnsmýrinni er hin glæsilegasta.



Hjónagarðar hafa leyst húsnæðisvanda margra stúdenta.



Stúdentaíbúðir við Eggertsgötu.

og húsnæðismálin okkar stærstu mál en þau beintengjast FS. Með starfi FS er búið að búa þannig um hnútana að við getum beitt okkur almennilega út á við fyrir þessum málefnum ásamt fleirum. Á meðan FS sér um að útvega lausnir fyrir betra félagslegt úrræði handa stúdentum varðandi húsnæði og aðra þjónustu á hagkvæmum kjörum, getum við unnið í stefnumótun og tekið meira pláss í samfélagslegri og pólitískri umræðu.“

## Félagsleg hugsun

Hugmyndafræði FS er hjarta fyrirtækisins, að geta rekið það á sem hagkvæmastan hátt fyrir stúdenta, bæði hvað varðar húsnæði, dagvistun, námsbækur, veitingar og jafnvel skemmtun. FS hefur alla tíð verið rekin sem sjálfseignarstofnun og án alls stuðnings frá ríki eða borg, að undanskildum fáeinum árum við upphaf rekstursins.

Í stjórn FS sitja fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands auk stúdenta sem hafa meirihluta og formannssæti. Enginn arður er greiddur og allur afgangur fer í að ná niður verðlagi á þjónustu og vörum. Húsnæðisstefna FS gengur út á deilihugsun þar sem stúdentar búa í smáum leigueiningum og deila með sér stærri rýmum eins og þvottahúsum og líkamsræktarrýmum. Nýrri stúdentagarðar ganga enn lengra og gera ráð fyrir 10 herbergja íbúðum þar sem fólk deilir með sér stofu, eldhúsi og jafnvel fleiri rýmum.

„Hugmyndafræðin gengur ekki eingöngu út á að bjóða hagstætt verðlag leiguhúsnæðis, heldur einnig að draga úr félagslegri einangrun ungs fólks sem er vaxandi vandamál,“ segir Guðrún. „Ég held að forskriftin að stúdentagörðum sé úrræði sem ætti einnig að standa almenna markaðnum til boða. Mjög margir stúdentar sem yfirgefa stúdentagarða eftir útskrift sakna þess að hafa ekki sambærileg úrræði á almennum markaði þar sem þeir geta leigt minni sérrými eða deilt húsnæði með öðrum. Við hjá FS störfum ötullega út frá þeirri félagslegu hugmyndafræði að stúdentar njóti sín í stúdentasamfélaginu, kynnist og líði vel. Sömuleiðis að þeir fái tækifæri til að einbeita sér að málefnum sem brenna á þeim. Sama hugmyndafræði gæti átt heima hjá flestu ungu fólki og ekki síður hjá eldri borgunum. Það er eiginlega sorglegt að ekki séu fleiri landsmenn sem njóta svona þjónustu eins og stúdentar,“ segir Guðrún.

## Þarf ekki að vera flókin umgjörð

„Það er einkennilegt hversu gífurlega flókna umgjörð þarf til að ná markmiðum sem Félagsstofnun stúdenta hefur nú þegar náð með mjög einfaldri umgjörð,“ segir Björn. „Maður horfir upp á endalausar deilur um húsnæðismál hér á landi á meðan FS hefur dafnað vel og starfað í 50 ár. Fyrirtæki sem er sjálfbært og hagkvæmt í byggingarekstri og stendur fyrir sínu

> **Mikilvægasta félagslega úrræðið og helsta markmið FS er að stuðla að því að efla lífskjör stúdenta, að nám rofni ekki þrátt fyrir breyttar aðstæður og að þeim líði vel á meðan á náminu stendur.**
>
> Guðrún Björnsdóttir

undir mjög hnitmiðuðum lögum,“ bendir Björn á. „Bæði þá og nú eru menn sammála um þörfina og það hefur skapast fullkominn friður um þessa starfsemi.“

Guðrún bætir við að hugmyndafræði FS sé heilbrigð og góð og að aldrei hafi komið til greina að hvika frá henni. „Það skiptir öllu máli í uppbyggingu FS að fyrirtækið er ekki hagnaðardrifið. Við erum ekki að þessu til að búa til peninga. Allir eru sammála um að þannig eigi þetta fyrirtæki að virka, sama hvar í sveit fólk er sett,“ segir hún enn fremur.

## Betri leigumarkað eftir útskrift

Elísabet bætir við að fyrstu skref stúdenta eftir útskrift séu þyngst út af húsnæðismálunum. „Hjá FS er stúdentum gert kleift að lifa mannsæmandi lífi á lægra leiguverði og kjörum en svo stíga þeir fyrstu skref út á almennan leigumarkað sem er þeim oft óviðráðanlegt. Ég er sammála því sem Guðrún segir að fleiri í samfélaginu geti litið til FS með rekstur smærra húsnæðis og að þetta þurfi ekki að vera svona flókið, eins og Björn bendir á. FS er lifandi sönnun þess.“

Elísabet segir að árin eftir nám séu erfiðust þar sem oft sé litlum tekjum til að dreifa. „Samfélagið þarf að taka við stúdentum eftir nám og það ætti að vera til sambærilegt húsnæðisúrræði fyrir ungt fólk og FS býður upp á. Leigu- og kaupmarkaðurinn er verulega erfiður. Margir flytja inn til foreldra eftir nám en ekki geta allir gert það og lenda því í vítahring á leigumarkaði. Stjórnvöld þurfa að gera húsnæðismarkaðinn aðgengilegri fyrir ungt fólk. Það þarf að brúa betur bilið á milli háskóla og almenna markaðarins, það er mikið hagsmunamál fyrir nýútskrifaða stúdenta,“ segir Elísabet.

„Þegar rekstur leiguíbúða snýst um arðsemi eins og hjá Airbnb þá verða minnihlutahópar eins og láglaunafólk og stúdentar ávallt út undan. Við þurfum að taka þessa umræðu á pólitískum vettvangi og við stúdentar viljum berjast fyrir því að fá pláss í umræðunni. Við erum ekki með þessa rómantísku ímynd að maður eigi bara að vera staurblankur eftir útskrift og hver sé sjálfum sér næstur í samfélaginu.“

## Gott samstarf

Guðrún tekur undir þetta og segir að það ætti að vera eitt félag sem útvegar öllum stúdentum húsnæði. „Samkvæmt lögum eigum við að þjónusta stúdenta við Háskóla Íslands. Mikilvægasta félagslega úrræðið og helsta markmið FS er að stuðla að því að efla lífskjör stúdenta, að nám rofni ekki þrátt fyrir breyttar aðstæður og að þeim líði vel á meðan á náminu stendur,“ segir Guðrún.

„Samstarf FS við Stúdentaráð er mjög gott í dag en þegar ég byrjaði hér fyrir tæpum 20 árum upplifði ég gjá á milli. Við vorum einhvern veginn ekki í sama liði. Við hjá FS settum okkur markmið að efla samstarfið því stúdentar urðu að geta treyst því að fyrirtækið væri þeirra bakhjarl. Við fórum í að efla upplýsingagjöf, opna bókhaldið og vera til taks og skrafs. Nú ber engan skugga á samstarf okkar,“ segir Guðrún. „Við berum allar stórar ákvarðanir undir Stúdentaráð, allir mæta að borðinu með sama markmið fyrir stúdenta. FS getur aldrei starfað í þágu stúdenta nema þeir séu sáttir,“ segir hún.

Elísabet tekur undir þessi lokaorð og segir að aðgengi á milli sé mjög gott þar sem skrifstofurnar séu nánast hlið við hlið. „Ég hendist oft yfir til FS í spjall og það eru heiðarleg og góð samskipti.“

Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir

# Menningarlegt akkeri fyrir alla stúdenta landsins

Óttarr Proppé tekur við starfi verslunarstjóra hjá Bóksölu stúdenta í dag. Hann segir það dásamlega tilfinningu að fara aftur í bókabransann og starfa í þeirri deiglu sem háskólaumhverfið er. Fyrsti vinnudagurinn fer í að hitta samstarfsfólkið og byrja að læra bókahillurnar utan að.




„Það er keppikefli að styrkja Bóksölu stúdenta sem eitt af menningarlegum akkerum stúdenta. Síðan er auðvitað lykilhlutverk Bóksölunnar að tryggja aðgang stúdenta að nauðsynlegum námsgögnum. Það er sífelld áskorun í flóknu umhverfi sem er gaman að takast á við," segir Óttarr Proppé. MYND/EYÞÓR

Eftir að hafa starfað á vettvangi stjórnmála undanfarin ár snýr Óttarr Proppé aftur í heim bóksölunnar en hann tekur formlega við starfi verslunarstjóra hjá Bóksölu stúdenta í dag, 1. júní. Hann segist hlakka mikið til þess að fá að bretta upp ermarnar. „Það er bæði dásamleg tilfinning að fara aftur í bókabransann og síðan hlakka ég til að starfa í þeirri deiglu sem háskólaumhverfið, og sér í lagi Háskólatorg, er. Fyrsti dagurinn fer í að hitta samstarfsfólkið og byrja að læra hillurnar utan að. Það er hvort tveggja konfekt."

Ýmsar skemmtilegar og spennandi áskoranir eru fram undan að hans sögn. „Það er keppikefli að styrkja Bóksölu stúdenta sem eitt af menningarlegum akkerum stúdenta. Síðan er auðvitað lykilhlutverk Bóksölunnar að tryggja aðgang stúdenta að nauðsynlegum námsgögnum. Það er sífelld áskorun í flóknu umhverfi sem er gaman að takast á við."

Óttarr hefur stærstan hluta starfsferils síns starfað á þessum vettvangi og vann m.a. á árunum 1987-2010 hjá Almenna bókafélaginu, Eymundsson og Máli og menningu. Hann starfaði á vettvangi stjórnmála frá 2010 til ársins 2017, m.a. sem heilbrigðisráðherra og formaður Bjartrar framtíðar.

### Alltaf jafn skemmtilegt

Þrátt fyrir að hafa starfað lengi á þessum vettvangi finnst Óttari starfið alltaf jafn skemmtilegt. „Bara það að hjálpa einhverjum að finna bók sem hefur gagn og áhrif á viðkomandi er mjög gefandi. Öll höfum við upplifað að detta um bók sem breytir því hvernig við upplifum hlutina. Spennan við bóksölu er að eiga þátt í þessu með kúnnanum. Þá skiptir ekki máli hver á í hlut. Háskólaumhverfið er sérstakt því hér eru þúsundir manna í fullri vinnu við að læra og kynnast nýjum hlutum. Ég er spenntur fyrir því að vinna í umhverfi þar sem hugurinn er opinn. Það er svo langt frá því sjálfgefið."

### Mikilvægt þjónustustarf

Þótt starf bóksala og stjórnmálamanns sýnist ólíkt í fyrstu eiga störfin þó sameiginlegt að vera þjónustustörf segir Óttarr. „Félagsstofnun stúdenta þjónar í umboði stúdenta en ekki þröngra hagsmuna. Stjórnmálin eiga að vera eins gagnvart umboði almennings þó það takist ekki alltaf. Þá er sameiginlegt að á báðum stöðum getur alls konar komið upp og engin mörk fyrir því hvaða viðfangsefni eru undir. Það heillar forvitnisnörd eins og mig. Munurinn er kannski helst að það eru færri í fullri vinnu við að vera ósammála og hafa hátt um það."

> Bara það að hjálpa einhverjum að finna bók sem hefur gagn og áhrif á viðkomandi er mjög gefandi.
>
> Óttarr Proppé

### Gott bókaár fram undan

Starf stjórnmálamannsins er annasamt þar sem minni tími gefst til lestrar en áður. Óttarr sér því fram á meiri lestur í ár og er spenntur fyrir mörgum bókum og höfundum. „Ég er óvenjulega spenntur fyrir nýju bókinni hans Einars Kárasonar og ekki síður bók Þórunnar Jörlu Valdimarsdóttur um Skúla fógeta. Rachel Kushner sem náði mér algjörlega með The Flamethrowers er að koma með nýja bók og drottning subbulegu suðurríkjakrimmans, Vicki Hendricks, er alltaf að skrifa þó hægt gangi hjá henni. Til allrar hamingju skrifar Kim Stanley Robinson eins og vindurinn og ég er kominn á eftir í bókum hans. Það er því gott að eiga þá snilld inni. Síðan er maður þakklátur fyrir hvert ár sem John le Carré lifir því hann verður sterkari með hverri bók. Og síðan er alltaf snilldin sem bíður bak við hornið sem maður hefur ekki hugmynd um hvað er."

# Nota sérpöntunarþjónustu langmest

Árið 1993 var Sverrir Jakobsson stúdent í sagnfræði við Háskóla Íslands þegar hann var gripinn í viðtal í Bóksölu stúdenta. Hann hefur verið fastagestur bóksölunnar síðan þá. Sverrir, núna 25 árum síðar, er yfir nokkru að kvarta?

„Fyrir utan að Bóksala stúdenta er komin á nýjan stað á háskólasvæðinu, finnst mér búðin lík því sem var fyrir aldarfjórðungi. Bóksala stúdenta er sú bókabúð sem ég skipti einkum við og nota þá langmest sérpöntunarþjónustuna." segir Sverrir. „Þar sem bóksalan er háskólabókabúð er ég líka í samskiptum við hana vegna starfa minna sem prófessor og þá vegna bóka sem nemendur þurfa að lesa.

> Fyrir utan að Bóksala stúdenta er komin á nýjan stað á háskólasvæðinu, finnst mér búðin lík því sem var fyrir aldarfjórðungi.

Yfirleitt gengur hnökralaust að fá þær bækur pantaðar í tæka tíð; ég man allavega ekki eftir sérstökum vandræðum seinni árin."





## „Ég hef yfirleitt ekki yfir neinu að kvarta"

Óhætt er að fullyrða að allir stúdentar eigi viðskipti við Bóksölu stúdenta á námsárum sínum. Einn þeirra sem hefur skipt við bóksöluna síðustu árin er Sverrir Jakobsson, B.A. í sagnfræði. Hann var truflaður við þá vinnu sína að undirbúa útgáfu á úrvali úr Nýjum Félagsritum Jóns Sigurðssonar til að spyrja hann hvernig honum þætti Bóksalan standa sig?

„Ég hef yfirleitt ekki yfir neinu að kvarta. Það er helst að bækur komi stundum seint á haustin." Sverrir treysti sér ekki til að giska á hve miklu hann eyddi árlega í bókakaup í Bóksölu stúdenta. „Upphæðin fer hækkandi því lengur sem ég hugsa um þetta."

Sverrir sagði að fáar bókabúðir byðu mikið úrval bóka í sagnfræði. „Reyndar er úrval bóka á þessu sviði oft furðulegt. Flestar bækur eru á ensku og framboðið miðast oftlega mjög mikið við það hvaða námskeið hafa verið kennd. Nýjar bækur koma því oft seint hingað til lands, allavega miðað við bíómyndir. En Bóksala stúdenta á nú reyndar eitthvað af sagnfræðibókum á þýsku svo líklega er hún sú besta á landinu á þessu sviði."

**Viðtal við Sverri sem birtist fyrir 25 árum, í þáverandi Bóksölu stúdenta en hann var þá háskólastúdent.**

# Stöðugleiki mikilvægur

„Ég var í kvennaboði um daginn þar sem var talað um Kapítólu og það kom heilagur svipur á alla,“ segir Silja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

# Kapítóla gleður mann, er góð og óttast ekkert

**Silja Aðalsteinsdóttir hafði umsjón með endurútgáfu á bókinni sem Íslendingar hafa lengi elskað. Enda er Kapítóla heillandi og skemmtilegt ævintýri þar sem er farið á ystu brúnir í baráttu góðs og ills.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Skáldsagan Kapítóla eftir Emmu D.E.N. Southworth kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1859 en Íslendingar kynntust henni fyrst sem framhaldssögu í tímaritinu Heimskringlu 1896-97 í þýðingu Eggerts Jóhannssonar. Síðan hefur Kapítóla komið margoft út hér á landi og verið gríðarlega ástsæl og dæmi eru um að stúlkur hafi verið skírðar Kapítóla í höfuðið á hinni tápmiklu og geðþekku söguhetju. Endurútgáfa leit dagsins ljós nú á dögunum og bókin fór strax á metsölulista og hefur verið ofarlega allt frá því. Silja Aðalsteinsdóttir hafði umsjón með útgáfunni.

### Eftirminnileg persóna

Silja segir þessar góðu viðtökur lesenda ekki koma sér á óvart. „Ég hafði aldrei lesið Kapítólu en heyrt talað um hana og sagt frá henni. Þannig getur maður fengið tilfinningu fyrir því að maður þekki bók þótt maður hafi ekki lesið hana. Á síðasta ári fékk ég upphringingu frá Hljóðbókasafninu og var beðin um að lesa bókina fyrir safnið. Ég stökk á það því mig langaði til að lesa bókina. Mér fannst hún gríðarlega skemmtileg og er ekkert hissa á að fólk skuli grípa hana núna tveimur höndum.“

*Af hverju á bókin enn erindi við lesendur?*

„Þetta er heillandi ævintýri þar sem barátta góðs og ills er þannig að það er alveg farið út á ystu brúnir. En hún endar vel og skilur lesandann eftir glaðan. Svo er þessi eftirminnilega persóna, stelpan sem ögrar öllu og öllum, án þess þó að vera kvikindi. Kapítóla er góð og væn, hugkvæm og gáfuð og hefur betur í öllum orrustum. Hún gleður mann.“

### Vildi ekki nútímavæða textann

Talið berst að þýðingu Eggerts Jóhannssonar sem Silja yfirfór. Hún segir þýðingu Eggerts góða í öllum aðalatriðum. „Eggert var rómaður stílisti. Hann var óskólagenginn en mikill lestrarhestur og hafði furðulega góð tök á ensku. Við skulum átta okkur á því að hann hafði engar orðabækur við þessa vinnu en það er ótrúlega sjaldan sem hann verður ber að þýðingarvillum. Bókin er mjög kómísk en hann hafði smekk fyrir fyndni og dró ekki úr því. Stíllinn í íslensku þýðingunni er hraðari en í enska frumtextanum, því hún er talsvert mikið stytt en yfirleitt til bóta. Eggert stytti langlokur en að vísu bætti hann einstaka sinnum við sínum eigin langlokum.

En þótt þýðing Eggerts sé góð er hún orðin meira en hundrað ára og málið hefur auðvitað breyst mikið á þessum langa tíma. En ég stillti mig um að nútímavæða textann. Þessi bók hefur verið elskuð af Íslendingum í öll þessi ár, gefin út hvað eftir annað, og ef ég hefði farið að þýða inn í hana það sem Eggert sleppti og breyta textanum í takt við nútímamál þá hefði ég skemmt þá Kapítólu sem svo margir halda upp á.

Á einstaka stöðum fannst mér Eggert þó ekki vanda sig, eins og í frásögninni af því þegar Kapítóla sér í speglinum að það eru bófar undir rúminu hennar. Litla þjónustustúlkan hennar leitar að inniskóm húsmóður sinnar og það liggur við að hún káfi á andlitum ræningjanna. Kapítóla fylgist með því í speglinum og er við það að fá hjartaáfall. Þetta atvik hljóp Eggert yfir, það fannst mér ómögulegt og bætti því við. Það voru örfá svona tilvik, til dæmis í yfirheyrslum yfir Kapítólu í New York þar sem hún talar um að hún hafi klæðst strákafötum til að verjast vondum mönnum. Því sleppti Eggert en ég bætti úr því.“

**KAPÍTÓLA ER FYRSTA BÓKIN SEM VIRKILEGA SÝNIR STELPU SEM ÞORÐI AÐ REYNA Á SIG OG HÚN HAFÐI MIKIL ÁHRIF. KAPÍTÓLA ÓTTAÐIST EKKERT.**

### Óttalaus Kapítóla

Þótt saga Kapítólu sé ævintýraleg segir Silja hana einnig vera raunsæja á sinn hátt. „Emma Southworth sagðist vita um stúlkur sem hefðu lent sama vanda og persónur bókarinnar, til dæmis verið neyddar í hjónaband af vondum mönnum sem vildu ná í peningana þeirra eða sviknar í tryggðum. Henni fannst hún ekki vera að skrifa ævintýri, það var bara þessi persóna, Kapítóla, sem var ýktari en í venjulegri raunsæissögu.

Á þessum tíma voru millistéttar- og hástéttarstelpur aldar upp við að sitja kyrrar við lestur og útsaum. Þær fengu aldrei að erfiða og reyna á líkamann og ekki máttu þær hlaupa. Þetta var að gera konur ónýtar til þess eina verkefnis sem þeim var ætlað, sem var að eiga börn. Læknar í Bandaríkjunum skrifuðu um að ungar konur væru að verða ófærar um að ganga með börn vegna hreyfingarleysis. Kapítóla var fyrsta bókin sem virkilega sýnir stelpu sem þorði að reyna á sig og hún hafði mikil áhrif. Kapítóla óttaðist ekkert.“

### Kap VE

Spurð hvort hún hafi heyrt frá Kapítóluaðdáendum eftir að endurútgáfan kom út segir Silja: „Ég var í kvennaboði um daginn þar sem var talað um Kapítólu og það kom heilagur svipur á alla.“ Á dögunum fékk Silja svo netskilaboð frá einum af hinum fjölmörgu aðdáendum Kapítólu. Sá heitir Óli Þór og er úr Eyjum. Skilaboð hans eru svo skemmtileg að ekki er annað hægt en að birta þau í heild: „Bókin um Kapítólu er sú bók hér á heimilinu sem við getum sagt að hafi verið lesin upp til agna. Datt í hug að koma því hér að til gamans, af því ég er Eyjastrákur, að útgerðarmaður einn í Eyjum var svo hrifinn af bókinni að hann nefndi bát sinn Kapítólu. Það var seinna stytt í Kap VE og ég veit ekki betur en að það nafn sé enn til í Eyjum. Bátar sem hafa borið þetta nafn hafa reynst hin mestu afla- og happafley. Stundum þegar sagt var frá aflabrögðum hér í den á RÚV áttu fréttamenn það til að karlgera nafnið Kap.“




# Komin á
# **Stöð 2 Maraþon**

Kveiktu á gleðinni fyrir aðeins 1.990 kr. á mánuði.
Hundruð kvikmynda, frábærir sjónvarpsþættir, barnaefni með íslensku tali og Vodafone PLAY appið fylgir með.

**Tryggðu þér áskrift strax í dag á stod2.is eða í síma 1817.**

MARAÞON

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is



Sóley, Sin Fang & Örvar Smárason eru nýkomin frá Kína og þjóta beint niður í Iðnó þar sem þau leika nokkur lög.

## 1. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Sumar í Havarí – Emmsjé Gauti
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Havarí, Karlsstöðum
Sumarið er hafið í Havarí og það er sjálfur Emmsjé Gauti sem treður upp í kvöld. Hann er auðvitað á bullandi tónleikaferð um landið sem er öll tekin upp, klippt niður í þætti og komið fyrir á internetinu. Á laugardaginn kemur hljómsveitin Tilbury í heimsókn ásamt President Bongo, fyrrverandi liðsmanni Gus Gus.

**Hvað?** Sumarpartí með Aron Can, Alexander Jarli og fleirum
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Spot, Bæjarlind
Sumarpartí á skemmtistaðnum Spot.

**Hvað?** Team Dreams - Sin Fang, Sóley & Örvar Smárason live at Iðnó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Hljómplatan Team Dreams er afrakstur samstarfsverkefnis Sin Fang, Sóleyjar og Örvars Smárasonar úr múm og FM Belfast, en þau sömdu, tóku upp og gáfu út nýtt lag í hverjum mánuði allt árið 2017. Lögin 12 hafa nú verið tekin saman og gefin út á einstaklega fallegri vínylplötu. Þau er nýkomin heim úr tónleikaferðalagi um Kína og halda útgáfutónleika í Iðnó í kvöld.

**Hvað?** Mahler nr. 2 á Listahátíð
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Upprisusinfónía Mahlers er ein stórfenglegasta sinfónía allra tíma. Hljómsveitin er risastór og nýtur sín til fulls í tignarlegum hápunktum, auk þess kallar Mahler til leiks tvær söngkonur og blandaðan kór. Osmo Vänskä þekkir tónmál Mahlers betur en flestir aðrir og hefur nýverið hljóðritað sinfóníuna með Minnesota- hljómsveitinni.

**Hvað?** HAM á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
HAM boðar til rokkmessu á Húrra í kvöld. Hljómsveitirnar Kontinuum og Úlfúð sjá um að kveikja á lýðnum. Þetta verða síðustu tónleikar sveitarinnar í bili fyrir utan Secret Solstice hátíðina. Helmingur hrynhluta sveitarinnar heldur í víking vestur um haf og við það skríða aðrir meðlimir í dvalaholur sínar. Á Húrra mun HAM bjóða upp á hugvíkkandi kokteil nýrra og klassískra verka og kafa djúpt í rannsóknir sínar á svikum, dauða og helvíti mannanna. Miðasala er í fullum gangi á tix.is.




### Viðburðir

**Hvað?** Grandi mathöll opnuð
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grandagarði
Fyrsti „götubita“ staðurinn á Íslandi, Grandi mathöll, opnaður fyrir gesti og gangandi helgina 1.-3. júní samhliða Hátíð hafsins. Grandi mathöll er við höfnina úti á Granda í gamalli fiskmarkaðsskemmu. Níu veitingabásar eða -vagnar bjóða upp á frumlega rétti með áherslu á íslenskt hráefni. Þá bjóða þeir einnig upp á íslenskt grænmeti og brauð, ásamt kaffi, bjór og víni. Nálægðin við sjóinn er einstök og alveg eins víst að gestir upplifi löndun á fiski – fiski sem gæti endað á diskum gesta. Það verða seldar vörur matarfrumkvöðla sem hafa aðsetur á efri hæð skemmunnar í Húsi sjávarklasans. Grandi mathöll verður opin allan ársins hring.



Emmsjé Gauti leikur á hljómleikum í Havarí, Karlsstöðum, í kvöld.

**Hvað?** Viska og þol á álagstímum: Dagur með Jon Kabat-Zinn
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Harpa
Jon Kabat-Zinn mun leiða þátttakendur í gegnum daginn með hugleiðsluæfingum og umræðu til að styrkja þá í aukinni hugarró og visku. Þessi dagur á erindi til allra sem vilja læra aðferðir til að takast á við áskoranir daglegs lífs og auka lífsgæði sín.

**Hvað?** 110 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hafnarborg
Hafnarfjarðarkaupstaður fagnar 110 ára afmæli 1. júní og því verður fagnað með ýmsum hætti í hjarta Hafnarfjarðar. Föstudaginn 1. júní kl. 16 verður tilkynnt um úrslit í opinni hugmyndasamkeppni Hafnarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarhafnar og Arkitektafélags Íslands um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis. Sýning á öllum tillögum sem bárust í samkeppnina verður í „Apótekinu“ í Hafnarborg og stendur til 8. júní 2018.

**Hvað?** The Icelandic Tattoo Convention 2018
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
The Icelandic Tattoo Convention verður haldin 13. árið í röð helgina 1-3. júní í Gamla Bíói, Ingólfstræti. Það verða 28 flúrarar á svæðinu með áratuga reynslu í bransanum. Þú getur fundið flúrara fyrir þinn stíl á svæðinu hvort sem það er um að ræða traditional, watercolor, black and grey, realistic, script, portrait, Japanese o.s.frv. Hægt er að hafa beint samband við flúrarana þegar þið finnið þann sem ykkur líst best á. Miðar eru seldir við hurð.

### Sýningar

**Hvað?** Leitin að sannleikanum
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** BERG contemporary, Klapparstíg
Sýning Katrínar Elvarsdóttur, Leitin að sannleikanum, er opin í BERG Contemporary á Klapparstíg 16 þriðjudaga til föstudaga frá kl. 11-17 og laugardaga frá kl. 13-17. Sýningin stendur til 3. ágúst 2018.

**Hvað?** Ljósmyndasýning um Grafarvog
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Spönginni
Í dag mun Borgarbókasafnið opna ljósmyndasýningu í menningarhúsinu Spönginni. Um er að ræða valdar myndir sem bárust í ljósmyndasamkeppni meðal íbúa og nemenda skólanna í Grafarvogi. Grafarvogurinn er eitt fjölmennasta hverfi Reykjavíkur, hér er blómlegt skólalíf, margvísleg atvinnustarfsemi og síbreytileg náttúran allt um kring, myndefni skortir ekki og bera myndirnar sem bárust í keppnina það sannarlega með sér.

**Hvað?** Opnun sumarsýninga í Duus Safnahúsum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Duus safnahús, Reykjanesbæ
Listasafn Reykjanesbæjar opnar þrjár sýningar úr safneign í tilefni 15 ára afmælis safnsins. Byggðasafn Reykjanesbæjar opnar sýninguna „Hlustað á hafið“.

**Hvað?** Elli Egilsson – Ólíkir heimar, opnun í Norr11
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** NORR11, Hverfisgötu
NORR11 býður til opnunar sýningarinnar ÓLÍKIR HEIMAR þar sem myndlistarmaðurinn Elli Egilsson sýnir ný olíumálverk í fyrsta sinn á Íslandi.


EF ÍSLAND VINNUR ARGENTÍNU, FÖGNUM VIÐ MEÐ YKKUR!
SKOL, UPPÁHALDS VÖRUMERKI BRASILÍSKU AÐDÁENDANA!
FREKARI UPPLÝSINGAR Á
SKOL.COM.BR/ICELAND




**SATT EÐA LOGIÐ**
KL. 20:25

Frábær sería af lygilega skemmtilegum fjölskylduþáttum sem hinn eini sanni Benedikt Valsson eða Benni stýrir af mikilli röggsemi og fær til sín góða gesti. Þetta er þátturinn sem sannar að sannleikurinn getur verið afstæður.

Frábært **Föstudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**BRITAIN´S GOT TALENT**
KL. 19:25

Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þau Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon og kynnar eru skemmtikraftarnir Ant og Dec sem fara á kostum eins og þeim einum er lagið.



**CHRISTINE**
KL. 21:05

Sannsöguleg mynd um fréttakonuna Christine Chubbuck sem glímir við þunglyndi og upplifir mikið vonleysi í vinnunni og ákveður að reyna koma sér betur á framfæri.

**KONG: SKULL ISLAND**
KL. 22:00

Hópur vísindamanna er sendur í könnunarleiðangur til dularfullrar eyju í Kyrrahafinu, ferð sem verður barátta upp á líf og dauða.




Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Ljóti andarunginn og ég
**08.10** Strákarnir
**08.35** The Middle
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Restaurant Startup
**11.00** Great News
**11.20** Veistu hver ég var?
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Lýðveldið
**13.25 Eddie the Eagle** Skemmtileg mynd frá 2016 með Taron Egerton og Hugh Jackman í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sönnum atburðum, fjallar um Michael (Eddie) Edwards sem var ólíklegur, en hugrakkur breskur skíðastökkvari, sem aldrei missti trúna á sjálfan sig, þó svo að þjóð hans hefði enga trú á honum. Með hjálp uppreisnargjarns og heillandi þjálfara sigrar Eddie hug og hjörtu íþróttaunnenda um allan heim með því að taka þátt í Ólympíuleikunum í Calgary í Kanada árið 1988, þó að hann ætti enga möguleika á að ná sérstökum árangri.
**15.10** Lea to the Rescue
**16.50** Grand Designs - Living
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Britain's Got Talent
**20.30 Satt eða logið** Frábær skemmtiþáttur sem sjónvarpsmaðurinn Benedikt Valsson stýrir af mikilli snilld en hann tekur á móti fjórum gestum í hverjum þætti sem skipa síðan tvö lið. Þátttakendur í hvoru liði fyrir sig segja sögur af sjálfum sér og andstæðingarnir eiga að giska á hvort sagan sé sönn eða lygi.
**21.10** Christine
**23.10** Rock the Kasbah
**02.45** Hinir föllnu
**05.10** Eddie the Eagle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers
**09.15** FH - KA
**10.55** Mjólkurbikarmörkin
**12.20** Keflavík - ÍBV
**14.05** Valur - Breiðablik
**15.50** Pepsímörkin
**17.15** Golden State Warriors - Cleveland Cavaliers
**19.10** FH - KA
**20.50** Mjólkurbikarmörkin
**22.10** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**23.05** Premier League World
**23.35** Formúla 1: Mónakó - Kappakstur

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.35** Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
**10.25** Houston Rockets - Golden State Warriors
**12.20** FH - Fylkir
**14.05** Pepsímörkin
**15.30** Breiðablik - KR
**17.10** Chelsea - Manchester United - mai
**19.10** Ensku bikarmörkin
**19.40** Fyrir Ísland
**20.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**20.40** Premier League World
**21.15** Pepsímörk kvenna
**22.20** UFC Fight Night Thompson vs. Till

## STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** Man Seeking Woman
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** The Simpsons
**22.05** American Dad
**22.30** Bob's Burger
**22.55** Schitt's Creek
**23.20** NCIS: New Orleans
**00.30** Seinfeld
**00.55** Friends
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Lalli
**08.55** Mamma Mu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Grettir
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Lalli
**12.55** Mamma Mu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Grettir
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Lalli
**16.55** Mamma Mu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Grettir
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** Töfrahúsið



Mæja býfluga klukkan 10.38, 14.38 og 18.38

## GOLFSTÖÐIN

**07.45** Inside the PGA Tour
**08.10** The Memorial Tournament
**12.15** Golfing World
**13.05** PGA Highlights
**14.00** US Women's Open
**19.00** US Women's Open
**06.30** The Memorial Tournament

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.45** Paterno
**14.30** I Am Sam
**18.05 Paterno** Emmy- og Óskarsverðlaunahafinn Al Pacino fer með hlutverk Joe Paterno í mynd frá HBO sem byggð er á sönnum atburðum. Paterno, sem var goðsögn í bandarískum háskólaruðningi og aðalþjálfari Penn State liðsins, var sakaður um að hylma yfir grófa kynferðslega misnotkun gegn drengjum í liðinu sem Jerry Sandusky, aðstoðarþjálfari liðsins var síðar dæmdur fyrir. Í kjölfarið hafði þetta stórkostleg áhrif á liðið sigursæla þar sem margir af sigrum þess voru þurrkaðir út og liðið útilokað frá keppni í dálítinn tíma.
**19.50** I Am Sam
**22.00 Kong: Skull Island** Spennu- og ævintýramynd frá 2017 með Tom Hiddleton, Brie Larson, Samuel L. Jackson og fleiri stórgóðum leikurum. Hópur her- og vísindamanna er sendur í könnunarleiðangur til dularfullrar eyju í miðju Kyrrahafinu sem talin er luma á miklum verðmætum. Það reynist rétt en þau verðmæti eru hins vegar af allt öðrum toga en nokkurn gat grunað. Leiðangurinn snýst fljótlega upp í baráttu upp á líf eða dauða því ekki aðeins þurfa leiðangursmenn að glíma við sjálfan King Kong heldur einnig hin skelfilegu skrímsli „skullcrawlers“.
**00.00** The Infiltrator
**02.05** Don't Breathe
**03.35** Kong: Skull Island

## RÚV

**16.15** Músíktilraunir 2018
**16.40** Hvað hrjáir þig?
**17.20** Heilabrot
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Áfram Ísland
**20.45** Poirot - Flóð og fjara
**22.20** Danny Collins
**00.10** Spies og Glistrup
**02.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Man With a Plan
**14.10** Gudjohnsen
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Biggest Loser
**21.00** The Bachelorette
**22.30** Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull
**00.35** The Basketball Diaries
**02.20** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.00** The Exorcist
**03.45** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SPORTS DIRECT



SDSwim FINNDU NÝJAN STÍL OG NÝTT MERKI SEM HENTAR ÞÉR Í SUMAR

Hot Tuna Aloha Swim Short Mens



2.990KR 2 FOR 4.590KR

Hot Tuna Aloha Swim Short Mens



2.990KR 2 FOR 4.590KR

Puma Big Cat QT T Shirt Mens



3.190KR 2 FOR 4.790KR

Puma No1 Logo T Shirt Mens




3.190KR 2 FOR 4.790KR

HLAUPA • FÓTBOLTA • GOLF • ÚTIVIST • HJÓLA • SUND




SPORTS DIRECT

(NDS EHF),
SKÓGARLIND 2,
KÓPAVOGI 201

PUMA adidas UNDER ARMOUR asics

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Kollvik mæta hreiðri

Fréttin um spóahreiður á miðjum fótboltavelli vakti eðlilega töluverða athygli enda ekki algengt að fuglar hreiðri um sig. Það er þó algengara að sjá hreiður á knattspyrnuvöllum en margur heldur og Fréttablaðið tók saman nokkur bestu hreiður knattspyrnumanna.






Eiður Smári Guðjohnsen, besti fótboltamaður landsins fyrr og síðar og einn efnilegasti sjónvarpsmaður einnig, er örlítið farinn að safna enni. En það bætir hann bara.



Goðsognin gamla og góða Tommy Nilsen birtist í bikarleik í ár með allan pakkann. Kollvik og hreiður. Það eru eiginlega h(r)eiðursverðlaun fyrir slíkt.



Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði þjóðarinnar, barðist lengi við hreiðurgerð og skutu landsliðsstrákarnir fast að honum. Eftir einn rigningarleik í flóðljósum lét hann þó makkann fara og birtist á HM snoðaður.



Atli Guðnason, eða Atli Guð, er einn besti fótboltamaður Pepsi deildarinnar. Hann er kominn með góð kollvik sem gera hann aðeins betri.



Þorgrímur Þráinsson, þúsundþjalasmiður landsliðsins, skartar glæsilegum kollvikum. Einum þeim bestu enda er hann einn af þeim bestu.



Sindri Björnsson, Breiðholtsbuffið í Valsliðinu, glímir við sama vandamál og margir. Rigning og flóðljós eru ekki vinir hans.



Jóhann Laxdal, varnarbuff Stjörnunnar, er ekki vinur rigningarinnar og flóðljósanna. Þar skín í hreiðrið sem kannski gerir hann enn þá fljótari, en Jóhann er einn sá fljótasti í deildinni.



Eðvarð Eðvarðsson aðstoðardómari er fljótur og góður með flaggið. Hann flaggar einnig myndarlegu hreiðri á hliðarlínunni.



Steve Lennon skartar kúl kollvikum sem hjálpa honum til að skora nánast að vild.



Steinþór Þorsteinsson, leikmaður KA, á ekki mjög langt eftir af hárlinum og finerii.



# -15 KR.

## á ÓB stöðvum mánaðarins

Lykil- og korthafar í Vinahópi Olís og ÓB fá fimmtán króna afslátt af lítranum á fimm ÓB-stöðvum allan júnímánuð.

| | |
|---|---|
| Snorrabraut | Selfoss |
| Fjarðarkaup | Akureyri, |
| Njarðvík | Hlíðarbraut |

**Nýjar stöðvar í hverjum mánuði**




Vinahópurinn er vildarklúbbur lykil- og korthafa Olís og ÓB. Kynntu þér Vinahópinn á olis.is

Vina-hópur olís

# 5 trend sem þú munt klæðast í sumar

Vorið er loksins komið og tími til að fara að huga að sumarfataskápnum. Hafðu þessi fimm trend í huga því þau verða mjög áberandi í sumar. Hvort sem þú velur gamla góða rykfrakkann eða kúrekaskyrtu, allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.


Versace


Acne Studios



## Öðruvísi rykfrakki

Rykfrakkinn klassíski hefur verið vinsæll undanfarið og þá sérstaklega síðasta vetur. Vinsældir hans halda nú áfram, en nú með öðru sniði. Balenciaga blandaði saman rykfrakka og gallajakka, og hafði hann í yfirstærð. Útgáfurnar eru margar, en fáðu innblástur frá tískupöllunum og sjáðu hvernig þú getur uppfært þinn rykfrakka.


Balenciaga


Simone Rocha

## Kúrekastíll

Glansandi svart leður, silfurlitaðir steinar og smáatriði einkenna flíkur í kúrekastíl sem nú eru mjög vinsælar og verða vinsælar áfram í sumar. Brúni og svarti liturinn eru áberandi, sem og glansandi belti og fylgihlutir.

## Pastellitaður

Bleikur, blár, fjólublár, gulur, grænn – allir þessir litir í ljósum pasteltónum verða gríðarlega vinsælir í sumar. Þó þú gangir ekki svo langt og farir í pastellitaða dragt, þá gerir mikið að vera í einum fallegum jakka við gallabuxur og stuttermabol.




Tibi

## Gallefni

Gallaefni við gallaefni er ekki nýtt trend, en nú í sumar verður það mjög áberandi. Það er ekkert of mikið, heldur geturðu skellt öllu gallaefni saman, jakka við buxur og jafnvel hatt í stíl.


Isabel marant

## Krumpugalli

Marga hryllir einfaldlega við þegar þeir heyra krumpugallann nefndan á nafn. En það er algjör óþarfi. Gallarnir eru komnir aftur fyrir sumarið í sinni bestu mynd. Flott er að vera í peysu og buxum í stíl, en ef þið gerist ekki svo djörf er auðvelt að nota flíkurnar hvora í sínu lagi. Hafðu gallann litríkan og skelltu þér í hælaháa skó við.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# STÓRLEIKURINN ER Í BÍLALANDI

**Þeir sem komast ekki til Rússlands skella sér bara á Stórleikinn í Bílalandi. Við spilum á gríðarsterkum hóp tilboðsbíla í öllum stöðum og stærðum og allir í sínu besta formi.**

**KAUPAUKI!**
**LG 55" UHD SJÓNVARP**
**fylgir fánamerktum bílum í júní!**



**FYRIRLIÐI VIKUNNAR** Rnr. 144626
RENAULT Kadjar Zen 4wd
Ekinn 70 þ.km, dísil, beinskiptur
Nýskr. 07/16
Verð: 3.190 þús. kr.
BOLTAVERÐ: **2.590 þús. kr.**



**www.bilaland.is**
**OPIÐ Á MORGUN FRÁ 12–16**



**NISSAN Note Visia**
Nýskr. 02/16, ekinn 11 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.090 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.690 þús. kr.**
Rnr. 331201



**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 03/16, ekinn 89 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.090 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**2.590 þús. kr.**
Rnr. 144649



**RENAULT Talisman Zen Sport Tourer**
Nýskr. 05/17, ekinn 22 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**2.890 þús. kr.**
Rnr. 144528



**BMW X3 Xdrive20d M**
Nýskr. 06/14, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.990 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**4.490 þús. kr.**
Rnr. 390867



**NISSAN Qashqai SE.**
Nýskr. 05/12, ekinn 151 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.990 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.590 þús. kr.**
Rnr. 144983



**HYUNDAI iX35 Comfort**
Nýskr. 10/14, ekinn 81 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.290 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**2.890 þús. kr.**
Rnr. 390884



**RENAULT Captur Dynamic**
Nýskr. 05/15, ekinn 30 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.290 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.990 þús. kr.**
Rnr. 410103



**NISSAN Micra Visia**
Nýskr. 11/16, ekinn 17 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.690 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**1.390 þús. kr.**
Rnr. 144616



**RENAULT Megane RS**
Nýskr. 11/15, ekinn 35 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 3.990 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**3.490 þús. kr.**
Rnr. 144737



**BMW i3 Rex**
Nýskr. 03/15, ekinn 18 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 3.690 þús. kr.**
BOLTAVERÐ:
**3.290 þús. kr.**
Rnr. 144849

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.**

**bílaland**
**„Áfram Bílaland!“**















Gunni Hilmars og Ágústa Eva Erlendsdóttir í Sycamore Tree.

# Gera plötu með framleiðanda Lönu Del Ray

Tónlistardúóið **Ágústa Eva Erlendsdóttir** og **Gunnar Hilmarsson** í Sycamore Tree færa nú út kvíarnar en þau vinna nú að nýrri plötu í samstarfi við stórframleiðandann Rick Knowles. Hljómsveitin fagnar og heldur tónleika í Bæjarbíói í kvöld kl. 20.30.

Rick Knowles er vel þekktur í tónlistarheiminum og á langan lista af stórstjörnum sem hann hefur unnið með, Madonnu, Lönu Del Rey, Adele, Fleetwood Mac, FKA Twigs, Sia, Lykke Li, Jewel, Santana og svo mætti lengi telja. Hljómsveitin heldur tónleika í kvöld í Bæjarbíói kl. 20.30.

„Ég hafði fylgst með Rick í mörg ár og í raun elskað það sem hann hafði gert með Lönu Del Rey enda einn best heppnaða listamannaferill síðasta áratugar. Heimurinn sem þau hafa skapað er ekki svo ólíkur Sycamore Tree. Það var svo fyrir algera tilviljun að hann fann okkur á netinu og skildi eftir skilaboð á einum af okkar samfélagsmiðlum,“ segir Gunni. „Hann á þetta víst til að finna nýja listamenn þannig og samstarf hans og Lönu Del Rey kom þannig til. Við brugðumst strax við og ég flaug til Los Angeles og við drukkum kaffi einn eftirmiðdag.“

Í kjölfarið sendi tvíeykið Knowles fjölda nýrra laga sem Knowles leist vel á og ákvað að gera með þeim plötu. „Við erum eiginlega enn þá að klípa okkur með þetta allt saman,“ segir Gunni. Knowles hefur unnið Grammy verðlaun og verið tilnefndur til fjölda verðlauna, nú síðast til Grammy verðlauna á ný fyrir að útsetja og semja með Lönu Del Rey hennar plötu Lust For Life. Að sögn Gunna er platan komin vel á veg en vanda þarf vel til verka í upptökum og öðrum málum.

„Við erum búin að semja lögin og textana en upptökur munu taka út árið. Það fer aðeins eftir því hvernig við högum útgáfunni hvernig við gerum með samningamál, kynningarmál og þess háttar. Þetta er erfitt fyrir okkur sem helst viljum senda lög frá okkur reglulega eins og við höfum verið að gera hingað til,“ segir Gunni. „En við notum orkuna bara til að spila á tónleikum þangað til og undirbúa þetta allt eins og best er á kosið.“

Samstarfið þeirra og Knowles er mikið tækifæri fyrir hljómsveitina og gluggi út í hinn stóra tónlistarheim. Aðspurð hvort þau stefni á heimsfrægð svarar Ágústa því hins vegar neitandi. Það sé að minnsta kosti ekki markmiðið.

„Alls ekki. Við viljum bara vera trú okkar list og gera þetta eins vel og við getum. Ef hlustendahópurinn okkar stækkar og breikkar þá er það frábært en við erum ekki með nein plön um neitt annað en að nýta þetta tækifæri til að gera tónlist við frábærar aðstæður og með ótrúlega kláru fólki. Við tökum bara einn dag í einu og erum ansi róleg yfir þessu öllu eins og þeir sem okkur þekkja vita vel. Við erum auðmjúk gagnvart verkefninu og erum að vinna eins vel og við getum og njóta þess að skapa og spila,“ segir Ágústa Eva.

Hún segir að nú sé listagyðjan búin að færa tvíeykinu eitthvað sérstakt upp í hendurnar sem þau ætla að nýta vel og hlúa að. „Þetta verður langhlaup en við erum tilbúin í það. Við erum búin að vera að vinna núna í nokkra mánuði með Rick að plötunni sem hefur verið frábært. Ef maður gerir hlutina vel, vinnur að þeim og með ástríðuna að vopni þá koma upp tækifæri,“ segir Ágústa að lokum. **gunnthorunn@frettabladid.is**

## Allir fá að vera með

Sycamore Tree fæddist fyrir tveimur árum og hefur vaxið og dafnað vel síðan þá. Hljómsveitin gaf út plötu síðasta haust, Shelter, sem vakti mikla lukku. En hvernig kom það til að leiðir Ágústu og Gunna lágu saman? „Gunni sendi mér bara Facebook skilaboð upp úr þurru fyrir tveimur árum eiginlega upp á dag núna. i kjölfarið þá sendi hann mér upptökur sem hann og Ómar Guðjónsson höfðu unnið saman sem mér leist vel á og við bara byrjuðum að vinna saman og hefur gengið svona frábærlega,“ segir Ágústa og bætir við að Ómar Guðjónsson og fleiri sem Sycamore Tree vinnur náið með munu fylgja þeim í verkefnið með Knowles.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


Sumarsæla í Múrbúðinni
Gott verð fyrir alla, alltaf!
MÚRBÚÐARVERÐ
GRILLBOÐ*
39.900
Kaliber Red gasgrill
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm
Kaliber
PREMIUM GRILL
44.990
Grillbursti kr. 390
Grilláhöld 3 stk. í setti kr. 1.380
Öflugt og ódýrt
Grill yfirbreiðslur margar stærðir. Verð 4.280-4.580
Kaliber Black gasgrill
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm
23.990
12.490
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
1800w, 130 bör (170 m/turbústút) 420 L/klst.
Made by Lavor
26.490
Lavor Space 180 háþrýstidæla
2500w, 180 bör (275 m/túrbóstút) 510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.
Garðverkfæri í miklu úrvali
Verð frá 2.190,-
2.390,-
1.690,-
1.790,-
1.890,-
Malarhrífa 1.890,-
MIKIÐ ÚRVAL
29.990
Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).
Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
1.790
1 líter kr. 1.990
Landora tréolía Col-51903 3 l.
1.980
DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
8.790
Haki 2.490,-
39.990
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8
Steypugljái á stéttina – þessi sem endist
Truper garðverkfæri 4 í setti 1.690
Garðskafa 1.490,-
Truper 10574 1.895,-
62.990
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 5,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 150 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8
Tia - Garðverkfæri verð 490 pr. stk.
66.990
MOWER CJ21
Sláttuvél 53cm m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 193 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/h. Safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun. Skurðhæð og staða 25-80mm/8
BRIGGS & STRATTON
Pretul greinaklippur 875
Gróðurmold 20 l. 560
40 l kr. 990
Bio Kleen Pallahreinsir 1 líter 895
5L 2.990 kr.
Portúgalskir leirpottar
Blákorn 5 kg 1.245
Leca blómapottamöl 10 l. 990
*Grillboðið gildir 25.5 - 10.6.2018
Opið laugardag kl. 10-16 á Kletthálsi og 10-14 í Reykjanesbæ
Mikið úrval
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR
Þórarins Þórarinssonar



# Á ég að gæta bróður míns?

Þverpólitísk fýla ríkir um niðurstöður borgarstjórnarkosninganna. Fánýtar tilraunir til þess að greina hverju kjósendur voru „að kalla eftir“ skipta þó litlu sem engu í stóra samhenginu.

Mennskan vann hins vegar óumdeildan kosningasigur þegar Reykvíkingar höfnuðu afgerandi úreltum músarholusjónarmiðum hinna þröngsýnu sem geta ekki sætt sig við að við búum í breyttum heimi.

Ísland er ekki lengur einangraður útnári á hjara veraldar heldur hluti kvikrar og síbreytilegrar veraldar. Ekkert fær stöðvað tímans þunga nið. Síst af öllum menn sem garga þvælu í gjallarhorn á götum úti og sveifla drullusokkum.

Frambjóðendum Frelsisflokksins og Þjóðfylkingarinnar og þeim 267 hræðum sem kusu þá myndi líða ögn betur í sálinni ef þau fyndu hjá sér döngun til þess að stíga úr skugga óttans.

Öll eigum við jafnan rétt til lífs og hamingju óháð því hvaðan við komum, hverju við trúum og hvernig við erum á litinn. Kærleiki í verki er líka oftast endurgoldinn í því sama. Hvað er þá að óttast?

Margt má segja um okkur sem þjóð en gestrisni og hjálpsemi er Íslendingum í blóð borin og góðu heilli gengur enn gegn innsta kjarna þjóðarsálarinnar að rétta ekki fólki í neyð hjálparhönd.

Fegurðin í því að drjúgur hluti kjósenda hafi í ofanálag tryggt hörundsdökkri, ungri, íslenskri konu sæti í borgarstjórn Reykjavíkur á meðan framboðunum tveimur var hafnað, er svo náttúrlega ljóðræn.

Fordómaflokkarnir upphefja sig ekki síst á og er tíðrætt um „kristin gildi“. Pæling að glugga bara kannski aðeins í Biblíuna og kynna sér boðskap Krists. Velta jafnvel fyrir sér sígildri spurningu úr blóði drifnum fyrri hluta bókarinnar.

Á ég að gæta bróður míns?







VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI
Serta 25% AFSLÁTTUR Serta
AF ÖLLUM HEILSUDÝNUM FRÁ SERTA
STÆRSTA DÝNUFRAMLEIÐANDA Í HEIMI






SERTA OPERA HEILSUDÝNUR
ÓTRÚLEGT VERÐ

Aukahlutir á mynd: botn, fætur og höfuðgafl.

Serta

25% AFSLÁTTUR
Opera heilsudýna, 120 x 200 cm.
63.750 KR.
TILBOÐSVERÐ
FULLT VERÐ: 85.000 KR.

- Sjö laga heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við mjóbak.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Steyptar kantstyrkingar.



Aukahlutir á mynd: botn, fætur og höfuðgafl.

SERTA CAVALLO

Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr náttúrulegum efnum, efsta yfirlag er 7 cm þykkt og gert úr hrosshári. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði. Stærðir: 160 x 200 / 180 x 200 / 180 x 210 / 192 x 203 / 200 x 200 cm.

Serta

25% AFSLÁTTUR
Cavallo heilsudýna, 160 x 200 cm.
157.425 KR.
TILBOÐSVERÐ
FULLT VERÐ: 209.900 KR.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK